

GERÐARDÓMUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS
(Nordic Arbitration Centre of the Iceland Chamber of Commerce)

GERÐARDÓMSREGLUR 2016

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
STAÐLAÐ GERÐARDÓMSÁKVÆÐI	4
GERÐARDÓMSREGLUR GERÐARDÓMS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS	5
ALMENN ÁKVÆÐI	6
1. GREIN – UM GERÐARDÓM VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS	6
2. GREIN – ÁKVARÐANIR STJÓRNAR GVÍ	6
3. GREIN – FRAMLAGNING SKRIFLEGRA GAGNA, TILKYNNINGAR OG SAMSKIPTAREGLUR	6
4. GREIN – ÚTREIKNINGUR TÍMAFRESTA	7
UPPHAF GERÐARMEÐFERÐAR	7
5. GREIN – BEIÐNI UM GERÐARMEÐFERÐ	7
6. GREIN – SKRÁNINGARGJALD	8
7. GREIN – SVAR VARNARAÐILA VIÐ BEIÐNI UM GERÐARMEÐFERÐ	9
8. GREIN – <i>PRIMA FACIE</i> -ATHUGUN Á LÖGSÖGU GERÐARDÓMS	10
9. GREIN – FRÁVÍSUN MÁLS	10
10. GREIN – SAMEINING MÁLA	10
GERÐARDÓMURINN	11
11. GREIN – FJÖLDI GERÐARMANNA	11
12. GREIN – SKIPUN OG STAÐFESTING GERÐARMANNA	11
13. GREIN – SKIPUN GERÐARMANNA ÞEGAR MÁLSAÐILAR ERU FLEIRI EN TVEIR	13
14. GREIN – SAMÞYKKI OG UPPLÝSINGASKYLDI GERÐARMANNA	13
15. GREIN – ÓHLUTDRÆGNI OG SJÁLFSTÆÐI GERÐARMANNA	14
16. GREIN – VEFENGING GERÐARMANNA	14
17. GREIN – AFTURKÖLLUN SKIPUNAR GERÐARMANNS	15
18. GREIN – SKIPUN ANNARS GERÐARMANNS ÞEGAR GERÐARMAÐUR HEFUR VIKIÐ SÆTI	16
19. GREIN – SAMSKIPTAREGLUR Á MILLI MÁLSAÐILA OG GERÐARDÓMSINS	16
GERÐARMEÐFERÐIN	17
20. GREIN – MÁLI VISAÐ TIL GERÐARDÓMSINS	17
21. GREIN – MÁLSMEÐFERÐARREGLUR SEM GILDA UM GERÐARMEÐFERÐINA	17
22. GREIN – STAÐSETNING GERÐARMEÐFERÐAR	17
23. GREIN – TUNGUMÁL GERÐARMEÐFERÐAR	18
24. GREIN – GILDANDI LÖG	18
25. GREIN – MÁLSVARAR AÐILA	19
26. GREIN – LÖGSAGA GERÐARDÓMSINS	19
27. GREIN – UNDIRBÚNINGSAÐGERÐIR GERÐARDÓMSINS	20
28. GREIN – SKRIFLEGAR GREINARGERÐIR MÁLSAÐILA	20
29. GREIN – KRAFA UM FREKARI UPPLÝSINGAR	21
30. GREIN – BREYTINGAR Á KRÖFUGERÐ MÁLSAÐILA	22
31. GREIN – FYRIRTÖKUR OG MÁLFLUTNINGUR	22
32. GREIN – SÖNNUNARFÆRSLA	23
33. GREIN – VITNI	23
34. GREIN – SÉRFRÆÐINGAR SEM GERÐARDÓMURINN SKIPAR	24
35. GREIN – ÚTIVIST	25
36. GREIN – VERNDAR- OG BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR	25
37. GREIN – ÁLYKTANIR GERÐARDÓMSINS	27

38. GREIN – LOK GERÐARMEÐFERÐAR.....	27
ÚRLAUSNIR OG ÁKVARÐANIR.....	27
39. GREIN – TÍMAFRESTUR GERÐARDÓMS TIL AÐ KVEÐA UPP ENDANLEGA ÚRLAUSN	27
40. GREIN – ÁKVARÐANIR GERÐARDÓMSINS, FORMSKILYRÐI OG RÉTTARÁHRIF ÚRLAUSNAR	27
41. GREIN – SKJÖLUN OG TILKYNNINGAR UM ÚRLAUSN	29
42. GREIN – SÁTT EÐA AÐRAR ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ GERÐARMEÐFERÐ LÝKUR.....	29
43. GREIN – HLUTA- OG BRÁÐABIRGÐAÚRLAUSN	30
44. GREIN – LEIÐRÉTTING OG TÚLKUN ÚRLAUSNAR.....	30
45. GREIN – VIÐBÓTARÚRLAUSN.....	30
KOSTNAÐUR VIÐ GERÐARMEÐFERÐ.....	31
46. GREIN – KOSTNAÐUR VIÐ GERÐARMEÐFERÐ	31
47. GREIN – KOSTNAÐUR MÁLSAÐILA	32
48. GREIN – FYRIRFRAMGREIÐSLA KOSTNAÐAR VEGNA GERÐARMEÐFERÐAR	32
ÝMIS ÁKVÆÐI	33
49. GREIN – AFSAL RÉTTINDA	33
50. GREIN – TRÚNAÐUR.....	34
51. GREIN – ALMENN REGLA	34
52. GREIN – TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR	34
53. GREIN – GILDANDI ÚTGÁFA REGLNA ÞESSARA	35
TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI	35
54. GREIN – GILDISTAKA	35
VIÐAUKI A – STJÓRNSKIPULAG GERÐARDÓMS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS.....	36
1. GREIN – UM GERÐARDÓM VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS.....	36
2. GREIN – HLUTVERK OG TILGANGUR GVÍ.....	36
3. GREIN - STJÓRN GVÍ.....	36
4. GREIN – SKIPUN STJÓRNAR GVÍ	36
5. GREIN – BROTTVARF EÐA BROTTVIKNING AÐILA ÚR STJÓRN GVÍ.....	37
6. GREIN – VERKEFNI STJÓRNAR GVÍ	37
7. GREIN – ÁKVARÐANIR STJÓRNAR GVÍ.....	37
9. GREIN – STARFSHETTIR GVÍ.....	38
VIÐAUKI B – GJALDSKRÁ	39
1. GREIN – SKRÁNINGARGJALD	39
2. GREIN – ÞÓKUN GERÐARMANNA	39
3. GREIN – UMSJÓNARGJALD.....	39
4. GREIN – ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR	39
TAFLA 1 - ÞÓKNUN GERÐARMANNA.....	40
TAFLA 2 - UMSJÓNARGJALD GVÍ.....	41
VIÐAUKI C – UMSJÓNARGJALD GVÍ.....	42
INNIFALIN OG UNÐANÞEGIN ÞJÓNUSTA	42
1. GREIN – INNIFALIN ÞJÓNUSTA	42
2. GREIN – UNÐANÞEGIN ÞJÓNUSTA	42

STAÐLAÐ GERÐARDÓMSÁKVÆÐI

Sérhverju ágreiningsefni, missætti, eða kröfum sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við samning þennan, gildi hans, túlkun eða framkvæmd, þ.m.t. vanefndir við lok samningsins, skal skotið til Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands til endanlegrar úrlausnar og skal málsmeðferðin vera í samræmi við gerðardómsreglur Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands sem í gildi eru við upphaf gerðarmeðferðar.

Ráðlagðar viðbætur við framangreint gerðardómsákvæði:

Fjöldi gerðarmanna skal vera [●].

Staðsetning gerðarmeðferðar skal vera [●].

Gerðarmeðferðin skal fara fram á [●].

Um þennan samning gilda [●] lög.

GERÐARDÓMSREGLUR GERÐARDÓMS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Viðskiptaráðs Íslands þann 19. desember 2016 og tóku gildi þann 20. desember 2016.

Samningsaðilar gerðarsamnings sem vísar til gerðardómsreglna Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands („reglnanna“) teljast hafa samþykkt að reglur þessar gildi um gerðarmeðferðina, með áorðnum breytingum, eins og þær eru við upphaf gerðarmeðferðar, og með breytingum þeim sem samningsaðilarnir kunna að hafa samið um með skriflegum hætti. Gjaldskrá sem er að finna í viðauka er hluti reglnanna og sú gjaldskrá sem í gildi er við við upphaf gerðarmeðferðar gildir um hana. Stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands er heimilt að breyta gjaldskránni sérstaklega án þess að reglum þessum sé breytt samhliða.

Ef samningsaðilar hafa samið um að úr ágreiningi þeirra skuli leyst með gerðarmeðferð á vegum Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands, Norrænu gerðardómsstofnunarinnar (Nordic Arbitration Centre), eða Viðskiptaráðs Íslands, án þess að tilgreindar séu sérstakar gerðardómsreglur, gilda þessar reglur um slíka gerðarmeðferð, og í þeim tilvikum gildir sú útgáfa reglnanna sem er í gildi við upphaf gerðarmeðferðar, með þeim breytingum sem samningsaðilarnir kunna að hafa samið um með skriflegum hætti.

Þessar reglur gilda um gerðarmeðferðina, að svo miklu leyti sem þær eru ekki í andstöðu við ófrávíkjanleg ákvæði þeirra laga sem gilda um gerðarmeðferðina, en slík lagaákvæði skulu þá gilda. Hvað sem öðru líður skulu meginreglurnar um réttláta málsmeðferð og jafnfræði málsaðila gilda.

Reglur þessar tóku gildi þann 20. desember 2016 og skulu gilda um gerðarmeðferð ef beiðni um gerðarmeðferð berst eftir þann dag, svo fremi sem samningsaðilar hafi ekki samið um annað.

GERÐARDÓMSREGLUR GERÐARDÓMS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

ALMENN ÁKVÆÐI

1. grein – Um Gerðardóm Viðskiptaráðs Íslands

- (1) Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands („GVÍ“) er sjálfstæð gerðardómsstofnun sem hefur umsjón með ágreiningsmálum sem málsaðilar hafa samið um að skuli lögð í gerð í samræmi við þessar reglur og sérhverjar aðrar málsmeðferðarreglur eða reglur sem málsaðilar hafa komið sér saman um að skuli gilda.
- (2) GVÍ er ekki úrlausnaraðili og leysir ekki úr ágreiningsmálum. Hlutverk GVÍ er að hafa umsjón með framkvæmd gerðarmeðferðar þar sem gerðarmenn leysa úr ágreiningsmálum í samræmi við reglur þessar. GVÍ er eini aðilinn sem er til þess bær að hafa umsjón með gerðarmeðferð á grundvelli þessara reglna.
- (3) GVÍ samanstendur af stjórn („stjórn GVÍ“) og skrifstofu („skrifstofa GVÍ“). Nánari upplýsingar um stjórnskipulag GVÍ eru tilgreindar í **viðauka A**.

2. grein – Ákvarðanir stjórnar GVÍ

- (1) Stjórn GVÍ skal taka þær ákvarðanir sem mælt er fyrir um í reglum þessum og hefur almennt hæfi til þess að annast öll þau mál er varða umsjón gerðarmeðferðar samkvæmt reglunum. Stjórn GVÍ gefur fyrirmæli í samræmi við framangreint, með fyrirvara um hlutverk skrifstofu GVÍ samkvæmt reglum þessum.
- (2) Ákvarðanir stjórnar GVÍ í tengslum við sérhver málefni sem tengjast gerðarmeðferð, þ.m.t. skipun, staðfesting eða vefenging gerðarmanna eða skipun annars gerðarmanns þegar gerðarmaður hefur vikið sæti, teljast þáttur í umsjón gerðarmeðferðarinnar og eru endanlegar og bindandi fyrir bæði málsaðila og gerðardóminn. Stjórn GVÍ er ekki skylt að rökstyðja ákvarðanir sínar.
- (3) Að því marki sem leyfilegt er samkvæmt lögum sem gilda þar sem gerðarmeðferð fer fram skal litið svo á að aðilar hafi afsalað sér rétti til áfrýjunar eða málskots til dómstóla eða stjórnvalda vegna ákvarðana stjórnar GVÍ.
- (4) Þegar svo háttar til að stjórn GVÍ eða önnur eining sem starfar á vegum GVÍ ber að skipa gerðardóm, í heild eða að hluta, skal í öllum tilvikum litið á gerðar-samninginn eins og um skriflegan samning á milli málsaðila sé að ræða, þess efnis að gerðardómurinn skuli skipaður af GVÍ.

3. grein – Framlagning skriflegra gagna, tilkynningar og samskiptareglur

- (1) Allar tilkynningar eða önnur samskipti sem aðilum er heimilt eða skylt að senda, eða skulu send til aðila, samkvæmt þessum reglum skulu vera skrifleg.

- (2) Allar tilkynningar og samskipti stjórnar GVÍ, skrifstofu GVÍ og gerðardóms við samningsaðila skulu vera skrifleg og send á síðasta þekkta heimilisfang aðila eða fyrirsvarsmanns aðila sem tilgreindur hefur verið, annaðhvort af viðkomandi aðila eða gagnaðila. Heimilt er að senda tilkynningar og samskipti, gegn afhendingu móttökukvittunar, með ábyrgðarpósti, boðsendingu, faxi, tölvupósti eða með öðrum fjarskiptamáta sem mögulegt er að rekja. Aðeins er heimilt að senda tilkynningar og önnur samskipti með rafrænum hætti, s.s. faxi eða tölvupósti, ef slík samskipti eru send á númer eða netföng sem hafa verið sérstaklega tilgreind eða samþykkt í þeim tilgangi.
- (3) Hafi aðili sérstaklega tilgreint heimilisfang, síma- eða faxnúmer, eða netfang í þessum tilgangi skal senda allar tilkynningar til hans með þeim hætti sem aðili óskar. Séu tilkynningar sendar með þeim hætti teljast þær móttagnar. Hafi slíkar upplýsingar ekki verið tilgreindar skulu tilkynningar og samskipti
 - (i) teljast móttækin ef þau eru afhent viðtakanda í persónu; eða
 - (ii) teljast móttækin ef þau eru afhent á starfsstöð viðtakanda, þar sem viðtakandi hefur fasta búsetu, lögheimili eða á öðru skráðu heimilisfangi viðtakanda.
- (4) Allur málalíbúnaður og önnur skrifleg gögn og samskipti, auk fylgiskjala, sem málsaðilar hyggjast leggja fram, skulu lögð fram í nægjanlega mörgum eintökum fyrir hvern málsaðila og hvern gerðarmann, auk eins eintaks fyrir skrifstofu GVÍ.
- (5) Gögn sem aðilar hyggjast leggja fram, þ.m.t. gerðarsamningur, skal leggja fram í frumriti eða afriti.

4. grein – Útreikningur tímafresta

- (1) Tímafrestir sem mælt er fyrir um í þessum reglum byrja að líða daginn eftir að tilkynning eða samskipti hafa verið móttækin. Ef síðasta dag tímafrests ber upp á opinberum frídegi, eða á degi sem er ekki viðskiptadagur á þeim stað þar sem móttakandinn heldur heimili eða rekur starfsstöð sína, skal framlengja tímafrestinn til næsta viðskiptadags. Opinberir frídagar sem falla innan þess tímafrests sem um ræðir skulu taldir með við útreikning tímafrests.
- (2) Stjórn GVÍ má, að eigin frumkvæði eða að kröfu aðila, lengja eða stytta tímafresti sem leiða af reglum þessum, sem og tímafresti sem gerðardómurinn eða skrifstofa GVÍ hefur veitt aðilum til þess að verða við tilteknum fyrirmælum.

UPPHAF GERÐARMEÐFERÐAR

5. grein – Beiðni um gerðarmeðferð

- (1) Sóknaraðili skal beina beiðni um gerðarmeðferð til skrifstofu GVÍ.
- (2) Skrifstofa GVÍ skal tilkynna sóknar- og varnaraðila um að beiðni um gerðarmeðferð hafi borist og dagsetningu móttöku.
- (3) Upphaf gerðarmeðferðar miðast í öllum tilvikum við þann dag sem skrifstofa GVÍ móttækur beiðni um gerðarmeðferð.

- (4) Beiðni um gerðarmeðferð skal undirrituð af sóknaraðila eða lögmanni sem hefur umboð til þess að koma fram fyrir hans hönd. Eftirfarandi upplýsingar skulu að lágmarki koma fram í eða fylgja beiðni um gerðarmeðferð:
- (i) fullt nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar um alla málsaðila og lögmenn þeirra, þar á meðal, ef þekkt eru, netföng, símanúmer og faxnúmer;
 - (ii) fullt nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar um þann sem kemur fram fyrir hönd sóknaraðila við gerðarmeðferðina, auk umboðs sem veitir framan- greindum aðila slíkan rétt;
 - (iii) skýr og skilyrðislaus krafa um að ágreiningi verði vísað til gerðarmeðferðar;
 - (iv) afrit eða lýsing gerðarsamnings sem vísað er til;
 - (v) stutt lýsing á eðli ágreinings og þeim málsatvikum sem að baki liggja, auk tilgreiningar samninga eða annarra löggerninga sem ágreiningurinn er sprottinn af, eða, sé slíkum samningum eða löggerningum ekki til að dreifa, stutt lýsing á þeim lögskiptum sem um ræðir;
 - (vi) stutt lýsing á kröfum og tilgreining ágreiningsfjárhæðar, ef hún liggur fyrir, auk þeirra krafna eða úrræða sem sóknaraðili krefst;
 - (vii) stutt lýsing á málsgrundvelli og málsástæðum sem sóknaraðili byggir kröfugerð sína á;
 - (viii) tilgreining helstu sönnunargagna sem sóknaraðili telur að nauðsynleg séu til að færa sönnur á kröfur sínar og tilgreining þeirra sönnunargagna sem hefur ekki verið aflað;
 - (ix) athugasemdir og tillögur varðandi fjölda gerðarmanna, gildandi lög, staðsetning og tungumál gerðarmeðferðarinnar, og, ef við á, fullt nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar þess gerðarmanns sem tilnefndur er af sóknaraðila, þar á meðal, ef þekkt er, netfang, símanúmer og faxnúmer.
- (5) Eftirfarandi atriði geta einnig komið fram í beiðni um gerðarmeðferð:
- (i) tillaga um að gerðardómurinn skuli skipaður einum gerðarmanni.
 - (ii) greinargerð sóknaraðila í samræmi við 28. gr. þessara reglna.
- (6) Ef sóknaraðila ber samkvæmt gerðarsamningi að tilnefna gerðarmann og hann nýtir sér ekki þann rétt þegar hann leggur fram beiðni um gerðarmeðferð, eða tilnefnir ekki gerðarmann innan þeirra tímamarka sem við eiga, hefur sóknaraðili afsalað sér réttinum til að fá að taka þátt í skipun gerðardómsins, á óafturkræfan hátt.
- (7) Álitaefni sem lúta að því hvort beiðni um gerðarmeðferð uppfylli gildandi formkröfur koma ekki í veg fyrir skipun gerðardómsins, enda fellur það innan hlutverks gerðardómsins að leysa úr slíkum álitaefnum.

6. grein – Skráningargjald

- (1) Sóknaraðili skal samhliða framlagningu beiðni um gerðarmeðferð greiða skráningargjald í samræmi við þá gjaldskrá (**viðauki B**) sem í gildi er þegar beiðni um gerðarmeðferð er lögð fram. Skráningargjaldið er óendurkræft.
- (2) Hafi sóknaraðili ekki greitt skráningargjaldið innan fimm (5) daga frá því að beiðni um gerðarmeðferð er lögð fram skal skrifstofa GVÍ vísa beiðninni frá. Slík frávísun kemur ekki í veg fyrir að sóknaraðili leggi síðar fram aðra beiðni um gerðarmeðferð sama efnis.

7. grein – Svar varnaraðila við beiðni um gerðarmeðferð

- (1) Skrifstofa GVÍ skal senda beiðni um gerðarmeðferð ásamt öllum gögnum sem henni fylgdu til varnaraðila innan fimm (5) virkra daga frá því að hún var lögð fram, ásamt þeirri útgáfu reglna þessara sem gilda skal um gerðarmeðferðina, sbr. 53. gr. þessara reglna. Skrifstofa GVÍ skal enn fremur skýra hvaða áhrif það kunni að hafa á réttarstöðu varnaraðila ef hann bregst ekki við beiðni um gerðarmeðferð.
- (2) Varnaraðili skal innan 15 daga frá því að hann móttók tilkynningu um beiðni um gerðarmeðferð frá skrifstofu GVÍ leggja fram svar sitt við beiðninni („svar varnaraðila“) til skrifstofu GVÍ.
- (3) Svar varnaraðila skal vera undirritað af honum, eða lögmanni sem hefur umboð til þess að koma fram fyrir hönd varnaraðila. Eftirfarandi skal að lágmarki koma fram í eða fylgja svári varnaraðila:
 - (i) fullt nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar um varnaraðila og lögmann hans, þar á meðal, ef þekkt eru, netföng, símanúmer og faxnúmer;
 - (ii) fullt nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar um þá sem munu koma fram fyrir hönd varnaraðila við gerðarmeðferðina, auk umboðs sem veitir framangreindum aðilum slíkan rétt;
 - (iii) hvers kyns málsvörn þess efnis að gerðardóm, sem skipaður hefur verið samkvæmt þessum reglum, skorti lögsögu til að leysa úr ágreiningi, þar með talið mótmæli er varða tilurð eða gildi gerðarsamningsins eða mótmæli þess efnis að hann eigi ekki við eins og atvikum er háttað. Sé lögsögu gerðardóms ekki mótmælt í svári varnaraðila kemur það þó ekki í veg fyrir að varnaraðili geti síðar haldið uppi slíkum vörnum, þar til hann hefur lagt fram greinargerð, sbr. 2. mgr. 26. gr. reglna þessara;
 - (iv) afstaða varnaraðila til þeirra krafna og úrræða sem krafist er af hálfu sóknaraðila og fram koma í beiðni hans um gerðarmeðferð;
 - (v) bráðabirgðayfirlýsing um hvers kyns gagnkröfur eða kröfur um skuldajöfnuð, þar með talið stutt lýsing á slíkum kröfum og fjárhæð þeirra, ef hún liggur fyrir, auk þeirra krafna eða úrræða sem varnaraðili krefst;
 - (vi) stutt lýsing á þeim málsgrundvelli og málsástæðum sem varnaraðili byggir gagnkröfur sínar á;

- (vii) tilgreining helstu sönnunargagna sem varnaraðili telur nauðsynleg til að taka til varna og/eða færa sönnur á gagnkröfur sínar og tilgreining þeirra sönnunargagna sem eftir á að afla;
 - (viii) athugasemdir og tillögur varðandi fjölda gerðarmanna, gildandi lög, staðsetning og tungumál gerðarmeðferðar, og ef við á, fullt nafn, heimilisfang og aðrar upplýsingar þess gerðarmanns sem tilnefndur er af varnaraðila, þar á meðal ef þekkt er, netfang, símanúmer og faxnúmer.
- (4) Eftirfarandi atriði geta einnig komið fram í svari varnaraðila:
- (i) tillaga um að gerðardómurinn skuli skipaður einum gerðarmanni.
 - (ii) greinargerð varnaraðila í samræmi við 28. gr. þessara reglna.
- (5) Skrifstofa GVÍ skal innan fimm (5) virkra daga frá móttöku svars varnaraðila senda sóknaraðila afrit af svari varnaraðila auk fylgiskjala.
- (6) Komi til þess að varnaraðili leggi ekki fram svar skal gerðarmeðferð samt sem áður haldið áfram. Leggi varnaraðili ekki fram svar kemur það þó ekki í veg fyrir að hann geti haft uppi gagnkröfu við gerðarmeðferðina. Ef varnaraðila ber samkvæmt gerðarsamningi að tilnefna gerðarmann og hann nýtir sér ekki þann rétt, bæði í þeim tilvikum sem hann leggur ekki fram svar varnaraðila og þegar hann tilnefnir ekki gerðarmann innan þeirra tímamarka sem við eiga, er um að ræða óafturkræft afsal réttar varnaraðila til að taka þátt í skipun gerðardómsins.

8. grein – *Prima facie*-athugun á lögsögu gerðardóms

Öllum málum sem vísað er til gerðarmeðferðar samkvæmt reglum þessum skal þegar í stað vísað til stjórnar GVÍ, sem skal innan fimm (5) virkra daga framkvæma *prima facie*-athugun (athugun til bráðabirgða) á því hvort til staðar sé gerðarsamningur sem heyrir undir reglur þessar og þá hvort og að hvaða marki gerðarmeðferð skuli vísað til gerðardómsins. Í öllum öðrum tilvikum skulu ákvarðanir um lögsögu gerðardóms teknar af gerðardóminum sjálfum í samræmi við 26. gr. reglna þessara.

9. grein – Frávísun máls

Stjórn GVÍ skal vísa frá máli, í heild eða hluta, ef:

- (i) ágreiningsefnið heyrir augljóslega ekki undir lögsögu GVÍ;
- (ii) fyrirframgreiðsla kostnaðar hefur ekki verið innt af hendi að fullu, sbr. 48. gr. þessara reglna; eða
- (iii) aðili verður ekki við kröfu um að veita frekari upplýsingar, sbr. 29. gr. reglna þessara.

10. grein – Sameining mála

Stjórn GVÍ er heimilt, að kröfu aðila, að sameina tvö eða fleiri gerðarmál sem bíða úrlausnar í samræmi við þessar reglur, þannig að úr þeim verði leyst í einni og sömu gerðarmeðferðinni, ef:

- (i) allir hlutaðeigandi málsaðilar hafa samþykkt slíka sameiningu; eða
- (ii) þær kröfur sem gerðar eru í mismunandi gerðarmálum eru gerðar á grundvelli sama gerðarsamningsins; eða
- (iii) öll gerðarmálin sem sameina á eru tilkomin vegna sömu lögskipta aðila og stjórn GVÍ telur kröfurnar samrýmanlegar.

GERÐARDÓMURINN

11. grein – Fjöldi gerðarmanna

- (1) Hugtakið „gerðardómur“ samkvæmt reglum þessum tekur bæði til staks gerðarmanns og allra gerðarmanna, sé gerðardómur fjölskipaður, sem fengið hafa það hlutverk að leysa úr ágreiningi sem lagður hefur verið í gerð.
- (2) Málsaðilar geta komið sér saman um fjölda gerðarmanna. Í þeim tilvikum þegar málsaðilar hafa ekki komið sér saman um fjölda gerðarmanna skal gerðardómurinn skipaður einum gerðarmanni. Þrátt fyrir það er stjórn GVÍ heimilt, ýmist að kröfu málsaðila eða að eigin frumkvæði, að ákveða að þrír gerðarmenn skuli leysa úr ágreiningnum þegar málsaðilar hafa ekki komið sér saman um fjölda gerðarmanna. Við slíka ákvarðanatöku skal hliðsjón höfð af því hversu flókinn ágreiningurinn er og þeim fjárhagslegu hagsmunum sem í húfi eru.
- (3) Í þeim tilvikum þar sem málsaðilar hafa ekki komið sér saman um fjölda gerðarmanna og stjórn GVÍ hefur ákveðið að þrír gerðarmenn skuli leysa úr ágreiningnum, skal skrifstofa GVÍ tilkynna öllum málsaðilum um þá ákvörðun stjórnar GVÍ. Í tilkynningu til sóknaraðila skal skrifstofa GVÍ gefa sóknaraðila 10 daga frest frá móttöku tilkynningarinnar til að tilnefna gerðarmann. Þegar sóknaraðili hefur tilkynnt skrifstofu GVÍ um það hvern hann tilnefni sem gerðarmann skal skrifstofa GVÍ tilkynna varnaraðila um þá tilnefningu og gefa varnaraðila 10 daga frest frá móttöku slíkrar tilkynningar til að tilnefna gerðarmann. Vanræki málsaðili að tilnefna gerðarmann innan framangreinds tímafrests er um að ræða óafturkræft afsal réttar viðkomandi aðila til að taka þátt í skipun gerðardómsins og stjórn GVÍ skal í þeim tilvikum skipa þann gerðarmann sem um ræðir.

12. grein – Skipun og staðfesting gerðarmanna

- (1) Stjórn GVÍ er eini aðilinn sem er til þess bær og hefur heimild til þess að staðfesta tilnefningar og skipa gerðarmenn samkvæmt reglum þessum, sbr. þó 6. mgr. 12. gr reglna þessara. Hafi málsaðilar samið með þeim hætti að gerðarmenn skulu skipaðir af málsaðilum, einum eða fleiri, eða af skipunaraðila öðrum en GVÍ, skal í öllum tilvikum álíta tilhögunina sem samkomulag um tilnefningu gerðarmanna. Stjórn GVÍ er heimilt að hafna því að skipa gerðarmenn sem tilnefndir eru með þessum hætti ef stjórn GVÍ álitur að skipun þeirra sé ekki við hæfi eða að þeir séu ekki óhlutdrægir eða hlutlausir.
- (2) Málsaðilum er heimilt að tilnefna gerðarmann sameiginlega, þegar þeir hafa komið sér saman um að úr ágreiningnum skuli leyst af einum gerðarmanni eða

í þeim tilvikum sem þeir hafa ekki samið um fjölda gerðarmanna, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 11. gr. þessara reglna. Takist málsaðilum ekki að koma sér saman um sameiginlega tilnefningu innan 10 daga frá því að varnaraðili hefur mótttekið beiðni um gerðarmeðferð, eða innan viðbótarfrests sem skrifstofa GVÍ hefur veitt málsaðilum, skal gerðarmaðurinn skipaður af stjórn GVÍ.

- (3) Hafi málsaðilar komið sér saman um, með skriflegum hætti, að úr ágreiningi skuli leyst af þremur gerðarmönnum skal sóknaraðili tilnefna gerðarmann í beiðni um gerðarmeðferð og varnaraðili tilnefna gerðarmann í svari varnaraðila, en slíkar tilnefningar eru háðar staðfestingu stjórnar GVÍ. Vanræki málsaðili að tilnefna gerðarmann innan 10 daga frá því að skrifstofa GVÍ hefur mótttekið beiðni um gerðarmeðferð, eða svar varnaraðila, skal stjórn GVÍ skipa viðkomandi gerðarmann og er skipunin vera bindandi fyrir þann aðila sem vanrækti að tilnefna gerðarmann.
- (4) Þegar úr ágreiningi skal leyst af þremur gerðarmönnum, hvort sem er í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða 3. mgr. 12. gr. þessara reglna skal þriðji gerðarmaðurinn, sem jafnframt skal vera formaður gerðardómsins, skipaður af stjórn GVÍ. Þó er málsaðilum heimilt að semja um að annað fyrirkomulag skuli viðhaft við slíka skipun, en þá skal tilnefningin vera háð staðfestingu stjórnar GVÍ í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglna þessara. Sé slíkt fyrirkomulag viðhaft og þriðji gerðarmaðurinn hefur ekki verið tilnefndur innan 10 daga frá því að tilnefning annars gerðarmanns var staðfest, eða innan annarra tímamarka sem ákveðin hafa verið af skrifstofu GVÍ, skal formaður gerðardómsins skipaður af stjórn GVÍ.
- (5) Stjórn GVÍ skal hafa eftirfarandi atriði til hliðsjónar þegar hún staðfestir skipun gerðarmanns eða tilnefnir gerðarmann:
 - (i) fyrirkomulag skipunar gerðarmanna, aðferð, hæfisskilyrði og önnur skilyrði sem málsaðilar hafa samið um í gerðarsamningi að gilda skuli;
 - (ii) eðli ágreiningsins og atvik er liggja að baki honum;
 - (iii) gildandi lög og tungumál gerðarmeðferðarinnar;
 - (iv) þjóðerni, búsetu og önnur tengsl gerðarmanns sem til stendur að skipa eða tilnefna við þau ríki þar sem málsaðilar eða aðrir gerðarmenn eru ríkisborgarar eða þar sem þessir aðilar hafa lögheimili;
 - (v) hvort gerðarmaður sem til stendur að skipa eða tilnefna hafi tíma, getu og sé reiðubúinn til að taka þátt í gerðarmeðferðinni í samræmi við reglur þessar.
- (6) Framkvæmdastjóri GVÍ getur staðfest skipun gerðarmanna sem tilnefndir hafa verið af málsaðilum eða samkvæmt sérstökum samningum þess efnis á milli málsaðila, svo fremi sem yfirlýsingar viðkomandi gerðarmanna um óhæði innihaldi enga fyrirvara um sjálfstæði þeirra eða óhlutdrægni og hafi ekki leitt til mótmæla af hálfu málsaðila. Slíkar staðfestingar skulu tilkynntar stjórn GVÍ á næsta fundi stjórnarinnar. Telji framkvæmdastjóri GVÍ að ekki skuli staðfesta tilnefningu gerðarmanns skal hann vísa málinu til stjórnar GVÍ sem tekur endanlega ákvörðun.

- (7) Ef málsaðilar eru af mismunandi þjóðerni skal formaður gerðardómsins, eða gerðarmaðurinn ef um einn gerðarmann er að ræða, vera af öðru þjóðerni en þjóðerni málsaðila, nema málsaðilar hafi samið á annan veg. Í skilningi þessa ákvæðis skal þjóðerni málsaðila jafnframt taka til þjóðernis hluthafa sem fara með ráðandi hlut eða hagsmuni viðkomandi lögaðila. Þrátt fyrir það er heimilt, þegar aðstæður leyfa, að skipa einn gerðarmann eða formann gerðardóms frá ríki þar sem einhver málsaðila er ríkisborgari, svo fremi sem ekki komi fram mótmæli frá neinum málsaðila innan tímafrests sem ákveðinn er af skrifstofu GVÍ.
- (8) Gerðardómurinn skal teljast skipaður þegar stjórn GVÍ hefur staðfest síðasta gerðarmanninn sem á sæti í gerðardómnum. Jafnskjótt og allir gerðarmenn hafa verið skipaðir af stjórn GVÍ skal skrifstofa GVÍ tilkynna málsaðilum um skipun gerðardómsins og upplýsa um það hvaða gerðarmenn hafa verið skipaðir og hver þeirra sé formaður gerðardómsins.
- (9) Neiti stjórn GVÍ, í samræmi við fyrirmæli þessarar greinar, að skipa gerðarmann sem tilnefndur hefur verið af málsaðilum, hvort sem hann var tilnefndur af einum málsaðila eða fleiri málsaðilum í sameiningu, fær sá málsaðili sem tilnefndi þann gerðarmann sem hafnað var 10 daga frest til þess að tilnefna annan gerðarmann, og fresturinn byrjar að líða þegar tilkynning um ákvörðun stjórnar GVÍ er móttækin. Neiti stjórn GVÍ einnig að staðfesta síðari tilnefningu gerðarmanns sem tilnefndur er á grundvelli 12. gr. skal stjórn GVÍ í kjölfarið skipa þann gerðarmann sem hún telur hæfan beint.

13. grein – Skipun gerðarmanna þegar málsaðilar eru fleiri en tveir

- (1) Í tilvikum þegar sóknar- og/eða varnaraðilar eru fleiri en einn og gerðardómurinn er skipaður einum gerðarmanni skulu allir málsaðilar í sameiningu tilnefna gerðarmann í samræmi við 12. gr. þessara reglna. Nái málsaðilar ekki samkomulagi um slíka tilnefningu innan þess tímafrests sem fram kemur í 12. gr., eða innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið af skrifstofu GVÍ, skal gerðarmaðurinn skipaður af stjórn GVÍ.
- (2) Í þeim tilvikum sem gerðardómurinn er skipaður þremur gerðarmönnum og fleiri en einn málsaðili eru til sóknar og/eða varnar skulu málsaðilar, sé þeim það kleift, þegar beiðni um gerðarmeðferð er lögð fram eða svar varnaraðila mynda tvo hópa, einn til sóknar og annan til varnar, í þeim tilgangi að tilnefna gerðarmenn. Hvor hópur um sig skal tilnefna gerðarmann, en skipun hans er háð staðfestingu í samræmi við 12. gr. þessara reglna. Stjórn GVÍ skal skipa formann gerðardómsins. Takist öðrum hvorum eða báðum hópunum sem myndaðir eru með þessum hætti ekki að tilnefna sameiginlega gerðarmann innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 12. gr. reglna þessara, eða innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið af skrifstofu GVÍ, skal stjórn GVÍ skipa allan gerðardóminn, án þess að tekið sé tillit til tilnefninga sem borist hafa frá málsaðilum.

14. grein – Samþykki og upplýsingaskylda gerðarmanna

- (1) Skrifstofa GVÍ skal án tafar tilkynna gerðarmönnum um tilnefningu þeirra og veita þeim frest til þess að samþykkja tilnefninguna.
- (2) Hver gerðarmaður skal, um leið og hann samþykkir tilnefningu sem gerðarmaður, leggja fram skriflega yfirlýsingu um óhæði, og upplýsa um þau atvik sem honum er kunnugt um sem eru líkleg til þess að draga með réttu í efa sjálfstæði hans og óhlutdrægni. Skrifstofa GVÍ getur hvenær sem er, meðan á gerðarmeðferð stendur, ýmist að eigin frumkvæði eða að kröfu málsaðila, krafist þess að gerðarmaður leggi fram nýja yfirlýsingu um óhæði.
- (3) Gerðarmaður skal, þegar hann samþykkir að taka að sér hlutverk gerðarmanns, afhenda skrifstofu GVÍ ferilskrá þar sem fram koma upplýsingar um menntun, fyrri störf og núverandi starf.
- (4) Skrifstofa GVÍ skal áframsenda afrit af yfirlýsingu um óhæði og ferilskrá gerðarmanns til málsaðila og ákveða tímafrest sem þeim skal gefinn til þess að koma á framfæri athugasemdum.
- (5) Með því að samþykkja skipun sem gerðarmaður í samræmi við þessar reglur staðfestir viðkomandi að hann sé til taks og hafi nægan tíma til þess að sinna því hlutverki. Jafnframt skuldbindur hann sig til þess að sinna hlutverki sínu sem gerðarmaður og þeim skyldum sem í hlutverkinu felast í samræmi við þessar reglur. Samþykki skipunar sem gerðarmaður felur jafnframt í sér að viðkomandi gerðarmaður muni haga gjalddtöku í samræmi við gjaldskrá í **viðauka B**.

15. grein – Óhlutdrægni og sjálfstæði gerðarmanna

- (1) Gerðarmaður sem tekur þátt í gerðarmeðferð í samræmi við reglur þessar skal vera óhlutdrægur og sjálfstæður á meðan á gerðarmeðferðinni stendur.
- (2) Gerðarmönnum er óheimilt við framkvæmd starfa sinna að gæta hagsmuna málsaðila og veita þeim ráðgjöf sem varðar sakarefni þess ágreiningsmáls sem til úrlausnar er fyrir gerðardómnum.
- (3) *Ex parte* (einhliða) samskipti milli gerðarmanns og málsaðila eru stranglega bönnuð eftir að gerðardómurinn hefur verið skipaður.
- (4) Meðan á gerðarmeðferð stendur skal gerðarmaður tilkynna málsaðilum, öðrum gerðarmönnum og skrifstofu GVÍ, þegar í stað og með skriflegum hætti ef upp koma aðstæður sem kunna að leiða til þess að draga megi óhlutdrægni hans og sjálfstæði í efa.

16. grein – Vefinging gerðarmanna

- (1) Málsaðili getur vefengt hæfi og/eða hæfni gerðarmanns ef uppi eru aðstæður sem gefa tilefni til réttlætanagera efasemda um óhlutdrægni og sjálfstæði viðkomandi gerðarmanns eða ef gerðarmaður uppfyllir ekki, eða hættir að uppfylla, hæfisskilyrði sem málsaðilar hafa samið um. Málsaðili getur einungis vefengt hæfi og/eða hæfni gerðarmanns sem hann hefur sjálfur tilnefnt, eða átt

þátt í að tilnefna, vegna ástæðna sem hann fær upplýsingar um eftir að gerðarmaður hefur verið tilnefndur.

- (2) Vefengi málsaðili hæfi og/eða hæfni gerðarmanns skal hann tilkynna skrifstofu GVÍ um vefenginguna með rökstuddum hætti og tilgreina málsatvik og aðstæður að baki vefengingunni. Slík tilkynning skal berast skrifstofu GVÍ innan 15 daga frá því að þær aðstæður sem vefenging byggir á komu til vitundar málsaðila.
- (3) Tilkynni málsaðili skrifstofu GVÍ ekki um að hann vefengi hæfi og/eða hæfni gerðarmanns innan 15 daga frá þeim degi er þær aðstæður sem vefenging byggir á komu til vitundar málsaðila skal litið svo á að hann hafi fallið frá rétti sínum til að vefengja hæfi og/eða hæfni gerðarmanns á þeim grundvelli.
- (4) Skrifstofa GVÍ skal senda tilkynningu um vefengingu gerðarmanns til allra málsaðila, til þess gerðarmanns sem í hlut á og til annarra gerðarmanna og skal gefa fyrrnefndum aðilum kost á að koma á framfæri skriflegum athugasemdum um vefenginguna innan 7 daga frá móttöku tilkynningarinnar. Allar athugasemdir sem skrifstofu GVÍ berast vegna þessa skulu þegar í stað sendar málsaðilum og gerðardómnum.
- (5) Hafi málsaðili vefengt hæfi og/eða hæfni gerðarmanns og allir aðrir málsaðilar sammælast um vefenginguna, skal sá gerðarmaður sem í hlut á segja af sér. Gerðarmaðurinn getur einnig sagt af sér af sjálfsdáðum eftir að hann verður þess vís að hæfi hans og/eða hæfni hafi verið vefngd af málsaðila. Í hvorugu framangreindra tilfella er um að ræða viðurkenningu gerðarmanns á réttmæti þeirra ástæðna sem vefengingin er grundvölluð á.
- (6) Hafi ekki allir málsaðilar tekið undir þær ástæður sem vefenging byggir á, eða sá gerðarmaður sem í hlut á ekki sagt af sér af sjálfsdáðum innan 7 daga frá því að skrifstofa GVÍ tilkynnti málsaðilum og gerðarmönnum um framkomna vefengingu, skal stjórn GVÍ taka málið til skoðunar og skera úr um það með endanlegum hætti hvort vefengingin eigi við rök að styðjast.

17. grein – Afturköllun skipunar gerðarmanns

- (1) Stjórn GVÍ skal að eigin frumkvæði eða að kröfu málsaðila eða gerðarmanns, afturkalla skipun gerðarmanns ef:
 - (i) stjórn GVÍ samþykkir rökstudda afsögn gerðarmanns, þar sem ástæður afsagnarinnar eru tilgreindar;
 - (ii) stjórn GVÍ samþykkir brottvikningu gerðarmanns sem samþykkt er af öllum málsaðilum;
 - (iii) stjórn GVÍ staðfestir vefengingu á hæfi og/eða hæfni gerðarmanns;
 - (iv) gerðarmaður brýtur af ásetningi gegn reglum þessum, er ekki sanngjarn eða óvilhallur í háttsemi sinni gagnvart málsaðilum, eða sinnir ekki hlutverki sínu í gerðarmeðferðinni af kostgæfni svo forðast megi óþarfa tafir og kostnað;

- (v) gerðarmaður fellur frá, verður alvarlega veikur, neitar að taka þátt í gerðarmeðferðinni, verður óhæfur eða uppfyllir að öðru leyti ekki skyldur sínar með fullnægjandi hætti.
- (2) Áður en stjórn GVÍ afturkallar skipun gerðarmanns skal skrifstofa GVÍ veita málsaðilum og öðrum gerðarmönnum gerðardómsins kost á að gera skriflegar athugasemdir við afturköllunina. Senda skal öllum málsaðilum og gerðarmönnum þær athugasemdir sem berast.
- (3) Komi til þess að skipun gerðarmanns sé afturkölluð skal stjórn GVÍ ákveða fjárhæð þóknunar og útlagðs kostnaðar, ef einhver er, vegna starfa gerðarmannsins. Skal stjórn GVÍ við slíka ákvörðun taka mið af þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin og ástæðna þess að skipun gerðarmannsins var afturkölluð.

18. grein – Skipun annars gerðarmanns þegar gerðarmaður hefur vikið sæti

- (1) Gerðarmaður skal víkja sæti og annar skipaður í hans stað þegar:
 - (i) gerðarmaður samþykkir ekki skipun,
 - (ii) tilnefning gerðarmanns er ekki samþykkt í samræmi við ákvæði 12. gr. reglna þessara; eða
 - (iii) skipun gerðarmanns hefur verið afturkölluð í samræmi við ákvæði 17. gr. reglna þessara.
- (2) Gerðarmaður sem kemur í stað þess sem víkur sæti skal skipaður af sama aðila og skipaði forvera hans, innan þess tíma sem ákveðinn er af skrifstofu GVÍ. Hafi gerðarmaður ekki verið skipaður innan þeirra tímamarka skal stjórn GVÍ skipa viðkomandi gerðarmann. Komi til þess að gerðarmaður sem skipaður hefur verið í stað annars þurfi einnig að víkja sæti skal stjórn GVÍ skipa gerðarmann beint.
- (3) Sé gerðardómurinn skipaður þremur eða fleiri gerðarmönnum getur stjórn GVÍ, í undantekningartilvikum og einungis eftir að málsaðilum og öðrum gerðarmönnum hefur verið gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum athugasemdum, ákveðið að þeir gerðarmenn sem enn eiga sæti í gerðardómnum haldi gerðarmeðferðinni áfram. Stjórn GVÍ skal við slíka ákvarðanatöku taka mið af afstöðu þeirra gerðarmanna sem eftir eru og málsaðila málsins, framvindu gerðarmeðferðarinnar og öðrum aðstæðum sem stjórn GVÍ telur skipta máli.
- (4) Þegar gerðarmanni hefur verið gert að víkja sæti skal gerðardómurinn, þegar hann hefur verið fullskipaður að nýju, ákveða hvort og að hversu miklu leyti skuli endurtaka þann hluta málsmeðferðarinnar sem þegar er lokið.

19. grein – Samskiptareglur á milli málsaðila og gerðardómsins

- (1) Öll samskipti milli málsaðila og gerðardómsins skulu fara fram í gegnum skrifstofu GVÍ. Gerðardómurinn getur samt sem áður ákveðið með skriflegum hætti, að samskipti skuli fara fram milli gerðardómsins og málsaðila, að því gefnu að afrit séu send skrifstofu GVÍ samtímis.

- (2) Afrit af öllum samskiptum milli skrifstofu GVÍ eða gerðardómsins og málsaðila skulu send til allra annarra málsaðila, en að öðru leyti skulu ákvæði 3. gr. gilda um slík samskipti.

GERÐARMEÐFERÐIN

20. grein – Máli vísað til gerðardómsins

Jafnskjótt og gerðardómurinn hefur verið skipaður skal skrifstofa GVÍ senda málgögn og vísa málinu til gerðardómsins, að því gefnu að fyrirframgreiðsla kostnaðar hafi verið innt af hendi að fullu í samræmi við 48. gr. þessara reglna.

21. grein – Málsmeðferðarreglur sem gilda um gerðarmeðferðina

- (1) Málsmeðferð fyrir gerðardómi skal vera í samræmi við reglur þessar nema aðilar hafi samið á annan veg.
- (2) Að svo miklu leyti sem málsaðilar hafa ekki samið á annan veg og með fyrirvara um það sem fram kemur í reglum þessum er gerðardómnum heimilt að haga framkvæmd gerðarmeðferðarinnar með þeim hætti sem hann telur viðeigandi, svo fremi sem jafnræðis sé gætt á milli málsaðila og að aðilar fái tækifæri til að gæta hagsmuna sinna og koma máli sínu á framfæri. Gerðardómurinn skal leitast við að haga framkvæmd gerðarmeðferðarinnar þannig að komist sé hjá óþarfa töfum og kostnaði og jafnframt þannig að um sanngjarna og skilvirka málsmeðferð sé að ræða.
- (3) Gerðardómnum er heimilt, að höfðu samráði við málsaðila, að ráða aðstoðarmann gerðardómsins. Á aðstoðarmanni gerðardómsins hvílir sama upplýsinga-skylda og hvílir á gerðarmönnum samkvæmt 14. gr. reglna þessara og skal hann vera sjálfstæður og óhlutdrægur í samræmi við 15. gr. reglna þessara.
- (4) Ef upp kemur álitæfni um málsmeðferð sem ekki er tekið á í samningi málsaðila, reglum þessum eða þeim reglum sem málsaðilar kunna að hafa komið sér saman um að gilda skuli skal gerðardómurinn leysa úr slíku álitæfni.
- (5) Ef hagsmunir eða réttindi sem heyra undir reglur þessar skarast skal gerðardómurinn leysa úr slíkum álitæfnum með sanngirni og skilvirkni að leiðarljósi, í því skyni að varðveita réttmæti gerðarmeðferðarinnar.
- (6) Málsaðilar skuldbinda sig til þess að fara að öllum fyrirskipunum gerðardómsins.

22. grein – Staðsetning gerðarmeðferðar

- (1) Hafi aðilar ekki samið um hvar gerðarmeðferð skuli fara fram skal það vera í Reykjavík á Íslandi, nema stjórn GVÍ ákveði, að teknu tilliti til allra aðstæðna og að höfðu samráði við aðilana, að önnur staðsetning sé meira við hæfi.
- (2) Gerðardómurinn getur hist og setið á rökstólum hvar sem hann telur viðeigandi. Hafi málsaðilar ekki samið á annan veg er gerðardómnum jafnframt heimilt að halda fyrirtökur eða fundi á hvaða stað sem hann telur viðeigandi. Þrátt fyrir að

fyrirtökur, fundir eða umræður fari fram á öðrum stað en á staðsetningu gerðardómsins skal gerðarmeðferðin engu að síður teljast hafa farið fram á staðsetningu gerðarmeðferðarinnar. Óháð því hvort fundir gerðardómsins eða fyrirtökur eru haldnar annars staðar en á staðsetningu gerðarmeðferðarinnar, skal í öllum tilvikum litið svo á að gerðarmeðferð hafi farið fram á staðsetningu gerðarmeðferðar.

- (3) Álita skal að úrlausn gerðardóms sé kveðin upp þar sem gerðarmeðferð fór fram.

23. grein – Tungumál gerðarmeðferðar

- (1) Tungumál gerðarmeðferðar skal vera það sama, eða þau sömu, og tungumál gerðarsamnings, nema aðilar hafi samið á annan veg. Hvað sem því líður er gerðardómnum heimilt, að teknu tilliti til aðstæðna, að ákveða að tungumál gerðarmeðferðar verði annað en skv. framangreindu, og skal í þeim tilvikum gefa aðilum kost á að gera athugasemdir við slíka ákvörðun.
- (2) Ákvörðun um tungumál gerðarmeðferðar skal taka til greinargerðar sóknaraðila, greinargerðar varnaraðila og allra annarra skriflegra gagna sem lögð eru fram fyrir gerðardómnum. Komi til munnlegs flutnings málsins skal málflytningur fara fram á tungumáli gerðarmeðferðar.
- (3) Gerðardómi er heimilt að taka við framlögðum gögnum sem eru á öðru tungumáli en tungumáli gerðarmeðferðar. Slíkum gögnum skal fylgja þýðing yfir á tungumál gerðarmeðferðar, nema í þeim tilvikum sem gerðardómur telur að slík þýðing sé óþörf.
- (4) Þegar tungumál gerðarmeðferðar er annað en íslenska skulu allar tilkynningar og öll erindi sem GVÍ og skrifstofa GVÍ senda málsaðilum og gerðardómi GVÍ vera á ensku.

24. grein – Gildandi lög

- (1) Aðilum er frjálst að semja um hvaða lögum og reglum gerðardómurinn skuli beita við efnislega úrlausn ágreinings. Í þeim tilvikum sem aðilar hafa ekki samið um hvaða lög og reglur skuli gilda skal gerðardómurinn beita þeim lögum og reglum sem eru mest viðeigandi að hans mati. Við ákvörðun um það hvaða lög og reglur eru mest viðeigandi skal gerðardómurinn líta til eðlis sambands málsaðilanna, þeirra lagareglna sem nánustu tengsl hafa við ágreiningsefnið og annarra kringumstæðna sem máli skipta.
- (2) Gerðardómurinn skal í öllum tilvikum taka ákvörðun um ofangreint á grundvelli þess sem kemur fram í samningi aðilanna. Gerðardómurinn skal jafnframt taka tillit til viðskiptavenja sem við geta átt.
- (3) Líta skal á sérhverja tilgreiningu málsaðila til laga ákveðins ríkis sem tilvísun til efnisreglna þess ríkis en ekki til lagaskila reglna þess.
- (4) Gerðardómurinn skal aðeins hafa heimild til þess að leysa úr ágreiningsefninu sem *amiable compositeur* eða *ex aequo et bono* (eftir eðli máls eða almennum

sanngirnis sjónarmiðum) ef málsaðilar hafa samþykkt slíkt með skýrum hætti skriflega.

25. grein – Málsvarar aðila

- (1) Málsaðili getur valið sér lögfræðing eða annan málsvara til þess að koma fram fyrir sína hönd, að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar. Nöfn og heimilisföng málsvara skal látið öllum málsaðilum og gerðardómnum í té. Ef málsaðili hyggst velja sér málsvara eftir að gerðardómurinn hefur verið skipaður er valið háð fyrirframsamþykki gerðardómsins. Áður en samþykki er veitt skal gerðardómurinn ráðfæra sig við aðra málsaðila um hvort valið muni hafa skaðlegar afleiðingar fyrir málsmeðferðina. Gerðardómurinn skal aðeins í undantekningartilvikum neita málsaðila um að fá að bæta við málsvara, og þá aðeins ef að gerðardómurinn telur að slík viðbót kæmi til með að hafa áhrif á lögmæti gerðarmeðferðarinnar og rýra réttmæti og skilvirkni hennar. Komi til þess að gerðardómurinn neiti málsaðila um heimild til að velja sér málsvara, skal hann gefa út skriflega og rökstudda ákvörðun þess efnis.
- (2) Eftir upphaf gerðarmeðferðar er gerðardómnum eða skrifstofu GVÍ hvenær sem er heimilt að krefjast þess að málsvari málsaðila færi sönnur á að hann hafi umboð til að koma fram fyrir hönd málsaðila við gerðarmeðferðina og skal umboðsmaðurinn þá leggja fram sönnun í því formi sem gerðardómurinn eða skrifstofa GVÍ ákveður.

26. grein – Lögsaga gerðardómsins

- (1) Gerðardómurinn skal hafa vald til þess að ákveða eigin lögsögu og er heimilt að taka afstöðu til sérhverra mótmæla er varða tilurð eða gildi gerðarsamningsins. Í þeim tilgangi skal litið á gerðarsamning sem er hluti annars aðalsamnings sem sjálfstæðan samning, algjörlega óháðan öðrum ákvæðum aðalsamningsins. Ákvörðun gerðardómsins um að aðalsamningurinn sé ógildur leiðir ekki sjálfkrafa til þess að gerðarsamningurinn teljist ógildur.
- (2) Málsvörn þess efnis að gerðardóminn skorti lögsögu skal koma fram í svari varnaraðila við beiðni um gerðarmeðferð og aldrei síðar en í greinargerð varnaraðila, eða, þegar um gagnkröfu eða kröfu til skuldajafnaðar er að ræða, í greinargerð vegna gagnkröfu. Málsvörn þess efnis að gerðardóminn skorti lögsögu sem kemur fram síðar en að framan greinir skal teljast of seint fram komin. Sú staðreynd að málsaðili hefur skipað gerðarmann, eða tekið þátt í skipun gerðarmanns, skal ekki hafa áhrif á möguleika þess málsaðila til þess að gera kröfu um að gerðardóminn skorti lögsögu. Málsvörn þess efnis að gerðardómurinn fari út fyrir valdsvið sitt skal koma fram jafnskjótt og tilefni verður til meðan á gerðarmeðferðinni stendur, en að öðrum kosti skulu málsaðilar teljast hafa fallið frá rétti sínum til að bera slíkt fyrir sig. Í framangreindum tilvikum getur gerðardómurinn þó heimilað að slík málsvörn komi fram á síðari stigum telji hann töf málsaðila við framsetningu slíkrar kröfugerðar réttlætánlega.
- (3) Gerðardómurinn getur ýmist leyst úr málsvörn þess efnis að hann skorti lögsögu í sérstakri úrlausn, sem tekur aðeins til þess álitaefnis, eða í endanlegri úrlausn,

allt eftir því hvað gerðardómurinn telur viðeigandi að teknu tilliti til aðstæðna. Gerðardómurinn getur framhaldið gerðarmeðferð og kveðið upp úrlausn þrátt fyrir að mál hafi verið höfðað fyrir dómstólum þar sem tekist er á um hvort gerðardóminn skorti lögsögu.

- (4) Með því að samþykkja gerðarmeðferð samkvæmt reglum þessum teljast málsaðilar hafa samþykkt að leita ekki til landsdómstóla eða annarra lögbærra yfirvalda, nema í kjölfar úrlausna gerðardómsins vegna mótmæla um að gerðardómurinn skorti lögsögu eða vald til þess að leysa úr því ágreiningsefni sem slík úrlausn tekur til.

27. grein – Undirbúningsaðgerðir gerðardómsins

- (1) Eins fljótt og verða má eftir að gerðardómurinn hefur verið skipaður skal formaður gerðardómsins boða aðra gerðarmenn og málsaðila til undirbúningsfundar, nema gerðardómurinn telji það óþarft. Á slíkum undirbúningsfundi skal gerðardómurinn gefa málsaðilum færi á að tjá sig um málsatvik og lagaleg atriði málsins til þess að aðgreina atvik sem eru óumdeild frá ágreiningsefnum og kanna hvaða sönnunarfærsla er nauðsynleg. Þá skal gerðardómurinn gera bráðabirgðatímaáætlun á undirbúningsfundinum, sem hann hyggst fylgja við framkvæmd gerðarmeðferðarinnar, og skal afrit hennar sent skrifstofu GVÍ. Þá skal gerðardómurinn jafnframt, eftir því sem við verður komið, ákveða dagsetningu og staðsetningu munnlegs málf lutnings.
- (2) Gerðardómnum er heimilt að að boða málsaðila til frekari undirbúningsfunda telji hann að nauðsyn beri til. Gerðardómurinn getur óskað eftir því að málsaðilar leggi fram tillögur sem þeir vilja að teknar verði til umræðu á undirbúningsfundinum áður en slíkur fundur fer fram.
- (3) Gerðardómurinn getur, ýmist að eigin frumkvæði eða að ósk málsaðila, ákveðið að undirbúningsfundur skuli fara fram með fjarfundabúnaði, í gegnum síma, eða með öðrum sambærilegum fjarskiptamáta.
- (4) Telji gerðardómurinn óþarft að boða til undirbúningsfundar, skal gerðardómurinn, eins fljótt og verða má, gera bráðabirgðatímaáætlun sem hann hyggst fylgja við framkvæmd gerðarmeðferðarinnar og skal afrit hennar sent málsaðilum og skrifstofu GVÍ.
- (5) Allar breytingar á bráðabirgðatímaáætlun þeirri sem gerðardómurinn hefur gert skulu sendar málsaðilum og skrifstofu GVÍ án tafar.

28. grein – Skriflegar greinargerðir málsaðila

- (1) Sóknaraðili skal, innan þess tímafrests sem gerðardómurinn hefur veitt, leggja fram til skrifstofu GVÍ greinargerð sóknaraðila þar sem eftirfarandi atriði skulu koma fram, til viðbótar við þau atriði sem tilgreind eru í 5. gr. reglna þessara:
 - (i) fullnægjandi upplýsingar um málsatvik, málsástæður og lagarök sem sóknaraðili hyggst byggja á, auk tilgreiningar á þeim dómkröfum sem gerðar eru á hendur öllum öðrum málsaðilum.

- (ii) afrit af öllum samningum eða öðrum löggerningum sem ágreiningsefnið er sprottið af eða tengjast því, auk þess skal afrit gerðarsamningsins fylgja greinargerð sóknaraðila.
 - (iii) greinargerð sóknaraðila skulu, eftir því sem kostur er á, fylgja öll skjöl og sönnunargögn sem sóknaraðili hyggst byggja á eða tilvísun til þessara gagna.
- (2) Sóknaraðili getur ákveðið að beiðni um gerðarmeðferð, sem vísað er til í 5. gr. reglna þessara, verði lögð til grundvallar sem greinargerð sóknaraðila, að því gefnu að beiðni um gerðarmeðferð fullnægi einnig skilyrðum þessarar greinar.
- (3) Varnaraðili skal, innan þess tímafrests sem ákveðinn hefur verið af gerðardómnum, leggja fram til skrifstofu GVÍ greinargerð þar sem eftirfarandi atriði skulu koma fram, til viðbótar við þau atriði sem tilgreind eru í 7. gr. reglna þessara:
- (i) málsvarnir er varða lögsögu gerðardómsins, þ.m.t. málsvarnir er varða tilvist og gildissvið gerðarsamningsins.
 - (ii) fullnægjandi upplýsingar um afstöðu varnaraðila til málsatvikalýsingar, málsástæðna og lagaraka sóknaraðila, og um þau málsatvik, málsástæður og lagarök sem varnaraðili hyggst byggja á.
 - (iii) dómkröfur sem gerðar eru af hálfu varnaraðila.
 - (iv) gagnkröfur eða kröfur til skuldajafnaðar sem varnaraðili hyggst gera, og grundvöllur þeirra.
 - (v) afrit af öllum samningum eða öðrum löggerningum sem ágreiningsefnið er sprottið af eða tengjast því, nema slík skjöl hafi þegar verið lögð fram.
 - (vi) með greinargerð varnaraðila skulu, eftir því sem kostur er, fylgja öll skjöl og sönnunargögn sem varnaraðili hyggst byggja á eða tilvísun til þessara gagna.
- (4) Varnaraðili getur valið að svar hans við beiðni um gerðarmeðferð, sem vísað er til í 7. gr. reglna þessara, verði lagt til grundvallar sem greinargerð varnaraðila, að því gefnu að svar varnaraðila við beiðni um gerðarmeðferð fullnægi einnig skilyrðum þessarar greinar.
- (5) Ef gerðar eru gagnkröfur í greinargerð varnaraðila getur sóknaraðili, innan þess tímafrests sem gerðardómurinn hefur veitt málsaðilum, lagt fram til skrifstofu GVÍ greinargerð vegna gagnkröfu sem uppfyllir skilyrði þessarar greinar.
- (6) Gerðardómurinn getur fyrirskipað málsaðilum að leggja fram önnur skrifleg gögn sem gerðardómurinn telur viðeigandi.
- (7) Hafi málsaðili ekki óskað þess að málið verði flutt munnlega er gerðardómnum heimilt að líta svo á að málið skuli flutt skriflega og getur framhaldið gerðarmeðferðinni og kveðið upp úrlausn sína einvörðungu á grundvelli þeirra gagna sem málsaðilar hafa lagt fram.

29. grein – Krafa um frekari upplýsingar

Hvenær sem er meðan á gerðarmeðferðinni stendur getur stjórn GVÍ eða gerðardómurinn krafist þess að málsaðilar veiti frekari upplýsingar í tengslum við kröfugerð þeirra og framlögð gögn. Verði sóknaraðili ekki við kröfu um frekari upplýsingar sem að honum er beint er stjórn GVÍ heimilt, í sérstökum undantekningartilvikum, að vísa málinu frá. Verði varnaraðili ekki við kröfu um frekari upplýsingar er varða gagnkröfu eða skuldajafnaðarkröfu er stjórn GVÍ heimilt að vísa slíkum kröfum varnaraðila frá. Verði varnaraðili að öðru leyti ekki við kröfu um frekari upplýsingar kemur það þó ekki í veg fyrir að gerðarmeðferð verði haldið áfram.

30. grein – Breytingar á kröfugerð málsaðila

Málsástæður og mótmæli skulu koma fram eins skjótt og mögulegt er. Þrátt fyrir það getur málsaðili, meðan á gerðarmeðferð stendur, breytt eða bætt við kröfugerð sína eða mótmæli, þar á meðal gert gagnkröfu eða kröfu til skuldajafnaðar, nema gerðardómurinn telji slíka breytingar eða viðbætur óviðeigandi, að teknu tilliti til þess hvenær slík krafa eða mótmæli eru sett fram, tafar sem viðbætur geta valdið, réttarspjalla sem slíkar breytingar kunna að valda öðrum málsaðilum og annarra kringumstæðna. Hvað sem framangreindu líður er málsaðilum óheimilt að breyta eða bæta við kröfugerð eða mótmæli sín, þar á meðal með gagnkröfu eða kröfu til skuldajafnaðar, á þann veg að breytt kröfugerð eða mótmæli heyri ekki undir lögsögu gerðardómsins.

31. grein – Fyrirtökur og málflutningur

- (1) Fyrirtökur skal halda ef málsaðili óskar eftir því, eða ef gerðardómurinn telur það viðeigandi. Komi til munnlegs flutnings skal gerðardómurinn, að höfðu samráði við málsaðila, ákveða dagsetningu, tíma og staðsetningu fyrirtöku og tilkynna málsaðilum um það með nægilegum fyrirvara.
- (2) Ef einhver málsaðila mætir ekki til munnlegs flutnings málsins, án forsvaranlegrar ástæðu og þrátt fyrir að honum hafi sannanlega verið tilkynnt um fyrirtöku, er gerðardómnum heimilt að halda fyrirtökunni áfram þrátt fyrir fjarveru málsaðilans.
- (3) Skýrslutökur af vitnum, þ.m.t. sérfróðum vitnum, skulu fara fram með þeim hætti sem gerðardómurinn ákveður.
- (4) Fyrirtökur skulu háðar *in camera* (fyrir luktum dyrum) nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað. Gerðardómurinn getur ákveðið að vitni, þ.m.t. sérfróð vitni, gefi skýrslu án þess að önnur vitni hlýði á. Þó skal ekki nema í undantekningartilvikum víkja úr sal vitnum, þ.m.t. sérfræðivitnum, sem eiga aðild að málinu.
- (5) Málsaðilar geta sjálfir gætt hagsmuna sinna við fyrirtökur eða munnlegan flutning málsins, eða veitt málsvara umboð til að gæta hagsmuna sinna. Auk þess geta málsaðilar notið aðstoðar ráðgjafa.
- (6) Gerðardómurinn skal halda fundargerðir um það sem fram fer á fundum og í fyrirtökum. Í slíkum fundargerðum skal tilgreina stað og tíma fundarins eða fyrirtökunnar, hverjir voru mættir og hvaða ákvarðanir voru teknar. Þessar fundargerðir skulu sendar málsaðilum.

32. grein – Sönnunarfærsla

- (1) Hver málsaðili ber sönnunarbyrði fyrir málsatvikum sem hann byggir á til stuðnings málatilbúnaði sínum.
- (2) Gerðardómurinn getur fyrirskipað málsaðila að afla skjallegra gagna eða annarra sönnunargagna sem hann hyggst byggja á og tilgreina hvað hann hyggst sanna með slíkri sönnunarfærslu.
- (3) Gerðardómurinn getur, að kröfu málsaðila, fyrirskipað öðrum málsaðilum að afla skjallegra gagna eða annarra sönnunargagna sem þýðingu kunna að hafa við úrlausn málsins.
- (4) Gerðardómurinn getur, hvenær sem er meðan á gerðarmeðferð stendur, krafist þess að málsaðilar afli skjallegra gagna eða annarra sönnunargagna, innan tímafrests sem gerðardómurinn veitir málsaðilum.
- (5) Gerðardómurinn getur, að eigin frumkvæði eða að kröfu málsaðila, gengið á vettvang.
- (6) Gerðardómurinn ákveður hvort og að hvaða marki málsaðilum er heimilt að leggja fram sönnunargögn, hvort þau komi málinu við og leggur mat á efnislega þýðingu og vægi slíkra sönnunargagna. Gerðardómurinn hefur frjálst sönnunarmat um öll sönnunargögn sem lögð eru fram.
- (7) Málsaðili, sem aflað hefur fyrirfram samþykkis gerðardómsins, getur óskað eftir aðstoð þeirra dómstóla sem lögsögu hafa til öflunar sönnunargagna í málinu. Á Íslandi geta málsaðilar óskað eftir aðstoð héraðsdómsdómstóla í samræmi við XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

33. grein – Vitni

- (1) Vitni, þ.m.t. sérfróð vitni, sem eru leidd fram af málsaðilum til að gefa skýrslu fyrir gerðardóminum um málsatvik eða vegna sérfræðipækkingar sinnar, getur verið sérhver einstaklingur, óháð því hvort sá einstaklingur er málsaðili eða á annan hátt tengdur málsaðila.
- (2) Heimilt er að leggja fram skriflegar vitnaskýrslur, þ.m.t. skýrslur sérfróðra vitna, undirritaðar af viðkomandi vitni, áður en munnlegur flutningur málsins hefst. Ætli málsaðilar að byggja á því sem kemur fram í framburði vitna skulu slík vitni eða sérfróð vitni vera viðstödd munnlegan flutning málsins og gefa skýrslu fyrir gerðardóminum, sé það talið nauðsynlegt. Gerðardómurinn getur samt sem áður heimilað að skýrsla sé tekin af vitnum, þ.m.t. sérfróðum vitnum, í gegnum síma, fjarfundabúnað eða með aðstoð annarrar sambærilegrar tækni. Hafi málsaðilar ekki samið á annan veg skal gerðardómurinn útbúa endurrit af framburði vitna sem gefa skýrslu fyrir gerðardómnum. Slík endurrit skulu vera aðgengileg málsaðilum óski þeir þess.
- (3) Aðili sem hyggst byggja á framburði vitnis, þ.m.t. sérfróðs vitnis, skal annast boðun þess og ber ábyrgð á því að það mæti. Málsaðili sem boðar vitni skal greiða allan kostnað sem hlýst af boðun þess. Ef vitni mætir ekki til skýrslugjafar

án forsvaranlegrar ástæðu getur gerðardómurinn metið vægi skriflegs framburðar eins og viðeigandi þykir í ljósi kringumstæðna, eða ákveðið að útiloka framburðinn að hluta til eða í heild sinni.

- (4) Áður en til munnlegs flutnings kemur, og innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru af gerðardómnum, skulu málsaðilar tilgreina öll vitni og sérfræðinga sem þeir hafa í hyggju að leiða fram, tilgreina hvað þeim er ætlað að bera vitni um, þýðingu framburðarins fyrir málið og hvað viðkomandi málsaðili hyggst færa sönnur á með framburðinum. Verði aðilar ekki við kröfu gerðardómsins samkvæmt framangreindu getur gerðardómurinn, ef nauðsynlegt þykir, ákveðið að fresta munnlegum flutningi málsins eða neitað því að vitni gefi skýrslu fyrir gerðardómnum.
- (5) Málsaðilum er heimilt að leiða eigin sérfræðivitni.
- (6) Gerðardómurinn hefur vald til þess að heimila skýrslutökur af vitnum, hafna því að vitni gefi skýrslu og takmarka skýrslutökur, þ.m.t. skýrslutökur af sérfræðivitnum, ef hann telur að slíkar skýrslutökur hafi enga þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

34. grein – Sérfræðingar sem gerðardómurinn skipar

- (1) Gerðardómurinn getur að eigin frumkvæði, eftir að hafa ráðfært sig við málsaðila, eða að kröfu einhvers málsaðila, skipað einn eða fleiri sjálfstæðan sérfræðing til þess að meta tiltekið efni og gefa gerðardómnum skriflega skýrslu um efnið. Gerðardómurinn skal skilgreina með skýrum hætti hvað skuli meta og matsbeiðni skal send málsaðilum og skrifstofu GVÍ.
- (2) Sérfræðingur skal, áður en hann samþykkir skipun, upplýsa gerðardómnum og málsaðila um hæfni sína og leggja fram skriflega yfirlýsingu um óhlutdrægni og sjálfstæði. Innan þeirra tímamarka sem gerðardómurinn ákveður skulu málsaðilar tilkynna gerðardómnum hvort þeir hafi uppi mótmæli um hæfni, óhlutdrægni eða sjálfstæði sérfræðings sem stendur til að skipa. Komi slík mótmæli fram skal gerðardómurinn með skjótum hætti taka afstöðu til þeirra og ákveða hvort fallast skuli á þau. Málsaðilar geta, eftir að sérfræðingur hefur verið skipaður, mótmælt hæfni hans, óhlutdrægni og sjálfstæði, en aðeins vegna ástæðna sem komu til vitundar viðkomandi málsaðila eftir skipun sérfræðingsins. Komi slík mótmæli fram skal gerðardómurinn með skjótum hætti taka afstöðu til þeirra og til hvaða ráðstafana skal gripið, ef hann telur rétt að bregðast við.
- (3) Málsaðilar skulu veita sérfræðingi allar upplýsingar er þýðingu kunna að hafa og hafa til reiðu og leggja fram öll skjöl, vörur eða eignir er þýðingu kunna að hafa og sérfræðingurinn óskar eftir. Sérhverjum ágreiningi á milli málsaðila og sérfræðings um það hvort tiltekna upplýsingar og framlagning þeirra kunni að hafa þýðingu skal vísað til gerðardómsins sem sker úr ágreiningnum. Gerðardómurinn getur beint þeim tilmælum til málsaðila að þeir afhendi sérfræðingnum allar upplýsingar er þýðingu kunna að hafa, og að þeir veiti sérfræðingnum aðgang að öllum skjölum, vörum og sýnishornum sem þýðingu kunna að hafa, og veiti sérfræðingi aðgang að verkstað eða vettvangi.

- (4) Sérfræðingur skal veita málsaðilunum eða málsvörum þeirra tækifæri til þess að vera viðstaddir allar skoðanir og gefa þeim færi á að fylgjast með og gera athugasemdir við störf sérfræðingsins við framkvæmd starfa hans.
- (5) Gerðardómurinn skal afhenda öllum málsaðilum afrit af skýrslu sérfræðings þegar hún liggur fyrir. Málsaðilar skulu fá tækifæri til að gera skriflegar athugasemdir við skýrsluna, innan þess tíma sem gerðardómurinn ákveður. Málsaðilar skulu eiga rétt á að skoða þau gögn sem skýrsla sérfræðings byggir á.
- (6) Eftir að skýrsla sérfræðings liggur fyrir skal sérfræðingur, að kröfu málsaðila, gefa munnlega skýrslu fyrir gerðardómnum þar sem málsaðilum gefst færi að spyrja út í efni skýrslunnar. Við fyrirtöku málsins er málsaðilum heimilt að leiða fram sérfræðivitni og leggja fram sönnunargögn sem tengjast þeim atriðum sem fjallað er um í skýrslu sérfræðings.
- (7) Þóknun og útlagðan kostnað vegna vinnu sérfræðinga sem skipaðir eru af gerðardómnum skal greiða með fyrirframgreiðslu þeirri sem málsaðilarnir hafa innt af hendi og greiðslurnar teljast hluti kostnaðar við gerðarmeðferðina. Þegar sérfræðingur er skipaður skal hann áætla hver kostnaðurinn af störfum hans verður og tilkynna gerðardómnum fyrirfram ef fyrirsjáanlegt er að kostnaðurinn verði meiri en áætlunin segir til um.

35. grein – Útivist

- (1) Ef sóknaraðili vanrækir að leggja fram greinargerð, sbr. 28. gr., án forsvaranlegrar ástæðu, og ef beiðni um gerðarmeðferð uppfyllir ekki skilyrði 5. gr. reglna þessara skal gerðardómurinn vísa málinu frá og ljúka gerðarmeðferðinni, að því gefnu að varnaraðili hafi ekki haft uppi gagnkröfu.
- (2) Ef málsaðili, án forsvaranlegrar ástæðu, vanrækir að leggja fram greinargerð, greinargerð vegna gagnkröfu eða önnur skrifleg gögn í samræmi við reglur þessar, eða ef málsaðili mætir ekki þegar málið er tekið fyrir eða hann nýtir sér ekki þau tækifæri sem honum standa til boða samkvæmt reglum þessum, eða gerðardómurinn hefur veitt honum, til þess að gæta hagsmuna sinna, er gerðardómnum heimilt að halda gerðarmeðferðinni áfram og kveða upp úrlausn sína.

36. grein – Verndar- og bráðabirgðaráðstafanir

- (1) Gerðardómnum er heimilt, eftir að hann hefur verið skipaður og að kröfu aðila, nema málsaðilar hafi samið með skriflegum hætti á annan veg, að gera bráðabirgða- og/eða verndaráðstafanir eftir því sem hann telur viðeigandi. Slíkar ráðstafanir skulu vera í formi rökstuddrar fyrirskipunar eða úrlausnar, eftir því sem gerðardómnum þykir viðeigandi.
- (2) Áður en gerðardómurinn hefur verið skipaður, og jafnvel í einstaka tilvikum eftir að gerðardómurinn hefur verið skipaður, er málsaðilum heimilt að leita til annarra lögbærra yfirvalda eða dómstóla varðandi bráðabirgða- eða verndaráðstafanir.

- (3) Hvers kyns beiðni um bráðabirgða- eða verndarráðstafanir sem beint er til lögbærs yfirvalds eða dómstóls, og ráðstafanir sem þessir aðilar framkvæma, skal tilkynna án tafar til skrifstofu GVÍ, sem skal upplýsa gerðardóminn og alla aðra málsaðila um slíkt.
- (4) Bráðabirgða- eða verndarráðstafanir eru sérhverjar tímabundnar ráðstafanir sem gripið er til, hvenær sem er áður en gerðardómurinn hefur kveðið upp endanlega úrlausn sína, þar sem gerðardómurinn fyrirskipar málsaðila, til dæmis að:
 - (i) viðhalda eða koma á *status quo* (óbreyttu ástandi) þar til úr ágreiningsefninu hefur verið leyst;
 - (ii) grípa til aðgerða sem myndu koma í veg fyrir, eða framkvæma ekki aðgerðir sem eru líklegar til þess að valda, (a) viðvarandi eða yfirvofandi skaða eða spjöllum eða (b) réttarspjöllum í tengslum við framkvæmd gerðarmeðferðar;
 - (iii) tryggja varðveislu eigna sem geta verið andlag fullnustugerðar í kjölfar endanlegrar úrlausnar gerðardómsins; eða
 - (iv) varðveita og viðhalda sönnunargögnum sem skipt geta máli og kunna að vera mikilvæg fyrir úrlausn ágreiningsefnisins.
- (5) Aðili sem óskar eftir verndar- eða bráðabirgðaráðstöfunum samkvæmt i. -iii. lið 4. mgr. skal sýna gerðardómnum fram á:
 - (i) að ef ekki verði fallist á beiðni hans muni tjón hljóttast af sem ekki fæst bætt að fullu með skaðabótum og slíkt tjón sé umtalsvert meira en það óhagræði sem ráðstöfunin kemur til með að hafa í för með sér fyrir gerðarpóla verði á hana fallist; og
 - (ii) að það sé raunhæfur möguleiki að fallist verði á kröfur gerðarbeiðanda fyrir gerðardómnum. Gerðarmenn eru óbundnir af áliti sínu á því hvort slíkur möguleiki sé til staðar við síðari ákvarðanatöku í málinu.
- (6) Hvað varðar beiðni um verndar- eða bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt iv. lið 4. mgr., eiga skilyrði i. og ii. liðar 5. mgr. aðeins við að svo miklu leyti sem gerðardómurinn telur viðeigandi.
- (7) Gerðardómurinn getur, að kröfu málsaðila, eða í undantekningartilvikum að eigin frumkvæði og þá að undangenginni tilkynningu til málsaðila, breytt, fellt úr gildi eða bundið enda á sérhverjar bráðabirgða- eða verndarráðstafanir sem hann hefur ákveðið að grípa skuli til.
- (8) Gerðardómurinn getur krafist þess að málsaðili sem fer fram á bráðabirgða- eða verndarráðstafanir leggi fram viðeigandi tryggingu vegna slíkra ráðstafana. Verði málsaðili ekki við kröfu gerðardómsins um að leggja fram tryggingu skal gerðardómurinn vísa kröfu hans um bráðabirgða- eða verndarráðstafanir frá.
- (9) Gerðardómurinn getur krafist þess að málsaðili upplýsi tafarlaust um breytingar á þeim aðstæðum sem ákvarðanir um bráðabirgða- eða verndarráðstafanir voru grundvallaðar á.

- (10) Sá málsaðili sem krefst þess að bráðabirgða- eða verndarráðstafanir verði gerðar getur verið ábyrgur fyrir kostnaði og tjóni sem slíkar ráðstafanir kunna að valda öðrum málsaðilum, ef gerðardómurinn metur það sem svo síðar að ekki hefði átt að fallast á að grípa til slíkra ráðstafana. Gerðardómurinn getur ákveðið að málsaðili skuli vera ábyrgur fyrir slíkum kostnaði og tjóni hvenær sem er meðan á gerðarmeðferð stendur.
- (11) Gerðardómurinn hefur heimild til að ákvarða kostnað og skipta kostnaði vegna kröfu um bráðabirgða- eða verndarráðstöfun með því að kveða upp bráðabirgða-úrlausn, eða taka ákvörðun um kostnaðinn í endanlegri úrlausn.
- (12) Krafa um bráðabirgða- eða verndarráðstafanir, hvort sem slík krafa er sett fram fyrir eða eftir að gerðardómurinn hefur verið skipaður, sem beint er til lögbærs dómstóls, telst ekki ósamrýmanleg gerðarsamningi málsaðila, eða ákvæðum þessara reglna, eða ígildi þess að málsaðilar hafi fallið frá gerðarsamningnum.

37. grein – Ályktanir gerðardómsins

Ef málsaðili, án forsvaranlegrar ástæðu, virðir að vettugi ákvæði þessara reglna eða skilyrði sem af þeim leiða eða fer ekki eftir fyrirskipunum gerðardómsins í tengslum við framkvæmd gerðarmeðferðarinnar er gerðardómnum heimilt að draga þær ályktanir sem honum þykir viðeigandi hverju sinni.

38. grein – Lok gerðarmeðferðar

- (1) Þegar gerðardómurinn telur að málið hafi verið skýrt nægilega vel og málsaðilar hafi fengið sanngjarnt og eðlilegt tækifæri til að gæta hagsmuna sinna og koma máli sínu á framfæri skal gerðardómurinn kanna hvort málsaðilar telji þörf á frekari sönnunarfærslu eða framlagningu skjala. Tejli málsaðilar ekki þörf á því getur gerðardómurinn lýst því yfir að málsmeðferðinni sé lokið og dómtekið málið.
- (2) Í sérstökum undantekningartilvikum, áður en gerðardómurinn hefur kveðið upp endanlega úrlausn sína, er gerðardómnum heimilt, að eigin frumkvæði eða að kröfu málsaðila, að opna málsmeðferðina að nýju.

ÚRLAUSNIR OG ÁKVARÐANIR

39. grein – Tímabrestur gerðardóms til að kveða upp endanlega úrlausn

- (1) Endanleg úrlausn gerðardóms skal kveðin upp eigi síðar en sex mánuðum frá upphafi gerðarmeðferðar, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglna þessara, nema annað komi fram í gerðarsamningi málsaðila eða samkvæmt síðari samningi þeirra á milli.
- (2) Stjórn GVÍ er þó heimilt, á grundvelli rökstuddrar beiðni þess efnis frá málsaðila eða gerðardómi, eða ef uppi eru óvenjulegar kringumstæður að eigin frumkvæði, að ákveða að framlengja tímabrestinn sem gerðardómur hefur til að kveða upp endanlega úrlausn telji stjórnin að viðbótarfrestur sé nauðsynlegur.

40. grein – Ákvarðanir gerðardómsins, formskilyrði og réttaráhrif úrlausnar

- (1) Allar úrlausnir og ákvarðanir kveðnar upp af gerðardómnum skulu vera skriflegar, endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Með því að samþykkja að leggja ágreiningsefnið í gerð samkvæmt reglum þessum skuldbinda málsaðilar sig til þess að framfylgja sérhverri úrlausn gerðardómsins án tafar. Enn fremur afsala málsaðilar sér, með óafturkræfum hætti, rétti sínum til áfrýjunar, endurskoðunar eða málskots til landsdómstóla eða annarra lögbærra yfirvalda, að svo miklu leyti sem slíkt afsal er heimilt.
- (2) Í þeim tilvikum sem gerðardómur er fjölskipaður skulu allar úrlausnir eða aðrar ákvarðanir gerðardómsins vera teknar af meirihluta gerðarmanna. Náist ekki meirihluti skal formaður gerðardómsins einn leysa úr ágreiningsefninu og kveða upp endanlega úrlausn.
- (3) Gerðardómurinn eða málsaðilar geta ákveðið að formanni gerðardómsins sé heimilt, án aðkomu annarra gerðarmanna, að kveða upp úrskurði og leysa úr álitaeftum er varða málsmeðferð og formsatriði gerðarmeðferðarinnar.
- (4) Allir gerðarmenn skulu taka þátt í rökræðum og umræðum um hvernig skuli leyst úr ágreiningsefninu. Láti einhver gerðarmanna hjá líða, án forsvaranlegrar ástæðu, að taka þátt í slíkum rökræðum eða umræðum um úrlausn ágreiningsefnisins, mun slík vanræksla ekki standa því í vegi að aðrir gerðarmenn taki ákvörðun um hvernig leysa skuli úr ágreiningsefninu.
- (5) Í úrlausn gerðardóms skal tilgreina hvar gerðarmeðferð fór fram. Úrlausnin skal vera undirrituð af öllum gerðarmönnum, auk þess sem dagsetning hvernir undirskriftar skal koma fram. Gerðarmönnum er heimilt að skrifa undir úrlausn hver á sínum stað og á mismunandi tíma. Úrlausn gerðardóms skal í öllum tilvikum teljast kveðin upp á þeim stað þar sem gerðarmeðferðin fór fram, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. reglna þessara, og skal dagsetning úrlausnar miðast við þann dag þegar síðasti gerðarmaðurinn skrifaði undir úrlausnina.
- (6) Láti gerðarmaður hjá líða að skrifa undir úrlausn gerðardóms teljast undirskriftir meirihluta gerðarmanna, eða ef meirihluti hefur ekki náðst, undirskrift formanns gerðardómsins, fullnægjandi, að því gefnu að greint sé frá ástæðum þess að allir gerðarmenn undirrituðu ekki úrlausnina. Neiti gerðarmaður að skrifa undir úrlausn gerðardómsins vegna þess að hann er ósammála rökstuðningi og/eða niðurstöðu meirihluta gerðarmanna getur hann krafist þess að sératkvæði hans verði hluti endanlegrar úrlausnar gerðardómsins.
- (7) Gerðardómurinn skal kveða upp úrlausn sína með skriflegum og rökstuddum hætti, nema að málsaðilar hafi sérstaklega samið um að rökstuðningur skuli ekki fylgja.
- (8) Gerðardómnum er heimilt að kveða upp úrlausn um fjárkröfu í hvaða gjaldmiðli sem er. Gerðardómurinn getur, að kröfu málsaðila, fyriskipað að málsaðili greiði vexti, vaxtavexti eða dráttarvexti af sérhverri kröfu sem gerðardómurinn samþykkir og skal gerðardómnum í því sambandi vera heimilt að ákveða það vaxtahlutfall sem hann telur viðeigandi. Við ákvörðun um hvert vaxtahlutfall samkvæmt framangreindu skuli vera er gerðardómurinn ekki bundinn af vaxtahlutfalli sem kann að hafa verið ákvarðað af landsdómstólum.

Gerðardómurinn getur einnig ákvarðað það vaxtatímabil sem hann telur viðeigandi, en tímabilið skal þó eigi vera lengra en til þess dags er dómþoli hefur innt skyldur sínar að fullu af hendi samkvæmt úrlausninni.

41. grein – Skjölun og tilkynningar um úrlausn

- (1) Þegar endanleg úrlausn hefur verið kveðin upp, skal gerðarmaður, hafi gerðardómurinn verið skipaður einum gerðarmanni, eða formaður gerðardómsins, afhenda skrifstofu GVÍ úrlausnina til skráningar í fjölda afrita sem samsvarar fjölda málsaðila, að viðbættu einu.
- (2) Skrifstofa GVÍ skal án tafar tilkynna málsaðilum um skráningu úrlausnar gerðardóms og skal senda hverjum málsaðila staðfest afrit úrlausnarinnar innan fimm (5) virkra daga frá skráningu, en þó aldrei fyrr en kostnaður við gerðarmeðferð hefur verið að fullu greiddur til GVÍ af málsaðilum, eða málsaðila ef svo ber undir. Frekari tilkynningar um úrlausn gerðardóms verða ekki sendar af gerðardómi eða GVÍ.
- (3) Málsaðilar geta hvenær sem er fengið afrit úrlausnar sem staðfest er af framkvæmdastjóra GVÍ frá skrifstofu GVÍ óski þeir eftir því. Aðrir en málsaðilar geta ekki fengið staðfest afrit úrlausnar.
- (4) Frumrit hvernar úrlausnar eða sáttar sem gerð er fyrir gerðardómi í samræmi við þessar reglur skal varðveitt hjá skrifstofu GVÍ. GVÍ skal varðveita slík gögn í a.m.k. 10 ár.
- (5) Gerðardómur og skrifstofa GVÍ skulu aðstoða málsaðila við að uppfylla öll frekari formsatriði sem þörf kann að vera á.
- (6) Þegar endanleg úrlausn hefur verið kveðin upp eða gerðarmeðferð er lokið skal GVÍ skila frumritum allra skjala, teikninga eða annarra sambærilegra skjala til málsaðila, en þó aldrei fyrr en kostnaður við gerðarmeðferð hefur verið að fullu greiddur til GVÍ af málsaðilum, eða málsaðila ef svo ber undir. Öll önnur skjöl og gögn sem lögð hafa verið fram við gerðarmeðferð skulu vera eign GVÍ.

42. grein – Sátt eða aðrar ástæður þess að gerðarmeðferð lýkur

- (1) Nái málsaðilar sáttum áður en gerðardómurinn kveður upp endanlega úrlausn skal gerðardómurinn annaðhvort gefa út fyrirskipun um að gerðarmeðferðinni sé lokið, eða, ef þess er krafist af öllum málsaðilum, kveða upp sáttárlausn þar sem efni sáttar málsaðila er tekið upp. Þegar um sáttárlausn er að ræða þarf gerðardómurinn ekki að veita rökstuðning. Að öðru leyti skulu ákvæði 40. gr. reglna þessara gilda um slíka sáttárlausn. Telji málsaðilar ekki þörf á því að sátt þeirra verði tekin upp í sérstaka sáttárlausn skulu málsaðilar senda skrifstofu GVÍ skriflega staðfestingu þess efnis að sáttir hafi tekist þeirra á milli og skal gerðardómurinn þá gefa út fyrirskipun um lok gerðarmeðferðarinnar, svo fremi sem málsaðilarnir hafi greitt allan útistandandi kostnað vegna gerðarmeðferðarinnar í samræmi við 46. gr. reglna þessara.

- (2) Verði áframhald gerðarmeðferðar óþarft eða ómögulegt af öðrum ástæðum en þeim sem tiltekna eru í 1. mgr. þessarar greinar, skal gerðardómurinn gefa út fyrirskipun um lok gerðarmeðferðarinnar. Gerðardómurinn skal, áður en hann gefur út fyrirskipun um lok gerðarmeðferðarinnar, tilkynna málsaðilum um að hann hyggist gera það og gefa þeim kost á að gera athugasemdir varðandi slíkar fyrirætlanir. Gerðardómurinn hefur heimild til að gefa út fyrirskipun um lok gerðarmeðferðar nema að enn séu atriði sem þarfnast úrlausnar og gerðardómurinn telur viðeigandi að úr slíkum atriðum sé leyst áður.

43. grein – Hluta- og bráðabirgðaúrlausn

- (1) Gerðardómnum er heimilt að kveða upp fleiri en eina úrlausn um mismunandi álitafni á mismunandi tímum, þ.m.t. hluta- eða bráðabirgðaúrlausnir.
- (2) Hluta- eða bráðabirgðaúrlausnir sem gerðardómurinn kveður upp skulu ekki hafa áhrif á þann frest sem gerðardómurinn hefur til þess að kveða upp endanlega úrlausn.
- (3) Hluta- og bráðabirgðaúrlausnir skulu hafa sömu þýðingu og réttaráhrif og aðrar úrlausnir sem kveðnar eru upp af gerðardómnum og skulu ákvæði 40. gr. reglna þessara gilda um slíkar úrlausnir.
- (4) Hluta- og bráðabirgðaúrlausnir geta falið í sér ákvarðanir um kostnað vegna tiltekins hluta málsmeðferðarinnar og um lögfræðikostnað sem málsaðilar hafa stofnað til, þ.m.t. kostnaðar er varðar beiðni um bráðabirgðaráðstafanir.

44. grein – Leiðrétting og túlkun úrlausnar

- (1) Innan 30 daga frá því að úrlausn gerðardóms var kveðin upp er aðila heimilt að óska eftir því að gerðardómurinn leiðrétti talnavillur, innsláttarvillur, eða aðrar sambærilegar yfirsjónir eða villur, eða óska eftir því að gerðardómurinn túlki ákveðin atriði eða hluta úrlausnarinnar. Slíkri beiðni skal aðili beina til skrifstofu GVÍ sem skal tilkynna gerðardómnum og öðrum málsaðilum um að slík beiðni hafi borist. Telji gerðardómurinn ástæðu til þess að fallast á slíka beiðni skal hann, að höfðu samráði við málsaðila, lagfæra þær villur sem um ræðir eða veita umbeðna túlkun innan 30 daga frá því að tilkynning skrifstofu GVÍ var móttækin.
- (2) Innan 30 daga frá því að úrlausn gerðardómsins var kveðin upp er gerðardómnum heimilt, að eigin frumkvæði, að leiðrétta þær villur sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar.
- (3) Sérhver leiðrétting eða túlkun skal vera skrifleg og skal teljast hluti endanlegrar úrlausnar gerðardómsins og skal ákvæði 40. gr. gilda í slíkum tilvikum.
- (4) Málsaðilar verða ekki krafðir um viðbótarkostnað ef leiðrétta þarf úrlausn. Hins vegar skal sá málsaðili sem óskar eftir því að gerðardómurinn túlki sérstök atriði eða hluta úrlausnarinnar, samkvæmt 3. mgr. 44. gr. þessara reglna, greiða gerðardómnum fyrir túlkunina.

45. grein – Viðbótarúrlausn

- (1) Innan 30 daga frá því að endanleg úrlausn gerðardómsins var kveðin upp er aðila heimilt að óska eftir því að gerðardómurinn kveði upp viðbótarúrlausn um kröfur sem hafðar voru uppi við gerðarmeðferðina en ekki hefur verið leyst úr af hálfu gerðardómsins. Slíkri beiðni skal aðili beina til skrifstofu GVÍ sem skal tilkynna gerðardómnum og öðrum málsaðilum um að slík beiðni hafi borist.
- (2) Tejli gerðardómurinn ástæðu til að fallast á slíka beiðni hefur hann 45 daga frá því að hann móttók tilkynningu skrifstofu GVÍ til þess að kveða upp viðbótarúrlausn. Stjórn GVÍ getur, ef þörf þykir, framlengt þann tímafrest sem gerðardómurinn hefur til þess að kveða upp viðbótarúrlausn.
- (3) Viðbótarúrlausn skal vera skrifleg og skal teljast hluti endanlegrar úrlausnar gerðardómsins og skal ákvæði 40. gr. reglnanna gilda í slíkum tilvikum.

KOSTNAÐUR VIÐ GERÐARMEÐFERÐ

46. grein – Kostnaður við gerðarmeðferð

- (1) Áður en endanleg úrlausn er kveðin upp skal gerðardómurinn óska eftir því að stjórn GVÍ ákvarði endanlega fjárhæð kostnaðar við gerðarmeðferðina. Þegar slík beiðni er komin fram frá gerðardómnum skal stjórn GVÍ ákveða endanlega fjárhæð kostnaðar við gerðarmeðferðina í samræmi við þá gjaldskrá (**viðauki B**) sem í gildi var við upphaf gerðarmeðferðarinnar, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. þessara reglna. Í sérstökum undantekningartilvikum er stjórn GVÍ heimilt að víkja frá þeim fjárhæðum sem fram koma í töflunni í **viðauka B**, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, og skal þá taka tillit til þeirrar vinnu sem innt hefur verið að hendi við úrlausn ágreiningsins, flækjustígs ágreiningsins, þess tíma sem gerðarmeðferðin hefur tekið og annarra kringumstæðna.
- (2) Hugtakið „kostnaður við gerðarmeðferð“ tekur eingöngu til eftirfarandi atriða:
 - (i) þóknunar gerðarmanna og umsjónargjalds GVÍ;
 - (ii) eðlilegs ferðakostnaðar og annars útlagðs kostnaðar gerðardómsins og/eða GVÍ;
 - (iii) eðlilegs kostnaðar vegna öflunar sérfræðiráðgjafar og vegna annarrar aðstoðar sem gerðardómurinn hefur talið þörf á;
 - (iv) þóknana og kostnaðar vegna sérfræðinga sem skipaðir hafa verið af gerðardómnum; og
 - (v) þóknana og kostnaðar sem greiða skal skipunaraðila, ef við á.
- (3) Gerðardómurinn skal tilgreina í endanlegri úrlausn hver kostnaður við gerðarmeðferð sé, í samræmi við ákvörðun stjórnar GVÍ, og tiltaka sérstaklega fjárhæð þóknunar hvers og eins gerðarmanns, umsjónargjalds og kostnaðar GVÍ.
- (4) Gerðardómurinn skal, að kröfu aðila, skipta kostnaði við gerðarmeðferð á milli aðila í endanlegri úrlausn, nema málsaðilar hafi samið á annan veg.
- (5) Þegar gerðardómurinn tekur ákvörðun um skiptingu kostnaðar við gerðarmeðferð í samræmi við ákvæði þessarar greinar og lögfræðikostnaðar aðila, sbr. 47. gr.

þessara reglna, skal hann, nema málsaðilar hafi samið á annan veg eða hann telji slíka nálgun óviðeigandi, leggja til grundvallar slíkri ákvörðun að greiðsla kostnaðar skuli endurspeglar að hve miklu leyti hefur verið fallist á kröfugerð hvers málsaðila eða henni hafnað. Gerðardómurinn skal, við töku ákvörðunar um skiptingu framangreinds kostnaðar á milli málsaðila, hafa hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hann telur viðeigandi, þ.m.t. hvort og þá að hvaða marki málsaðilar hafa lagt sitt af mörkum til að tryggja hraða og hagkvæma framkvæmd gerðarmeðferðarinnar.

- (6) Komi til þess að kröfur séu felldar niður eða gerðarmeðferð lokið án þess að endanleg úrlausn hafi verið kveðin upp af gerðardómnum skal stjórn GVÍ ákveða fjárhæð þóknunar, kostnað gerðarmanna, umsjónargjald og kostnað GVÍ. Í slíkum tilvikum skal gerðardómurinn ákveða hvernig kostnaði við gerðarmeðferð skuli skipt á milli málsaðila, hafi þeir ekki þegar samið á annan veg. Hafi gerðardómurinn ekki verið skipaður þegar kröfur eru felldar niður eða gerðarmeðferð lokið getur sérhver aðili óskað þess að stjórn GVÍ klári að skipa gerðardóminn í samræmi við þessar reglur svo gerðardómurinn geti ákveðið með hvaða hætti kostnaði við gerðarmeðferð skuli skipt á milli málsaðila.
- (7) Sérhver fyrirskipun um greiðslu kostnaðar við gerðarmeðferð eða lögfræðikostnaðar skal rökstudd í þeirri úrlausn þar sem fyrirskipunina er að finna.
- (8) Gerðardómnum er heimilt, hvenær sem er meðan á gerðarmeðferð stendur, að taka ákvarðanir er varða kostnað og fyrirskipa greiðslu slíks kostnaðar, svo fremi sem ekki sé um að ræða kostnað sem stjórn GVÍ á að ákvarða samkvæmt reglum þessum.
- (9) Málsaðilarnir bera óskipta ábyrgð gagnvart gerðarmönnum og GVÍ vegna greiðslu kostnaðar við gerðarmeðferðina.
- (10) Komi í ljós að kostnaður við gerðarmeðferðina samkvæmt 48. gr. reglna þessara sé lægri en fjárhæð fyrirframgreidds kostnaðar skal GVÍ endurgreiða málsaðilum, í sömu hlutföllum og fyrirframgreiðsla kostnaðar var innt af hendi til GVÍ.

47. grein – Kostnaður málsaðila

Hafi málsaðilar ekki samið á annan veg er gerðardómnum heimilt í endanlegri úrlausn sinni, ef þess er krafist af málsaðila, að fyrirskipa einum aðila að greiða í heild eða hluta þann kostnað sem annar aðili hefur orðið að greiða í tengslum við gerðarmeðferðina, þ.m.t. lögfræðikostnað, að teknu tilliti til niðurstöðu ágreiningsins og að svo miklu leyti sem gerðardómurinn telur slíkan kostnað eðlilegan og sanngjarnan.

48. grein – Fyrirframgreiðsla kostnaðar vegna gerðarmeðferðar

- (1) Þegar beiðni um gerðarmeðferð og svar varnaraðila við beiðni um gerðarmeðferð hafa verið lögð fram, skal stjórn GVÍ eins fjótt og auðið er ákvarða þá fjárhæð sem málsaðilum ber að greiða í fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar. Sú fjárhæð skal vera í samræmi við áætlaðan kostnað við gerðarmeðferðina samkvæmt 46. gr. reglna þessara. Skrifstofa GVÍ skal í kjölfarið beina því til málsaðila að greiða fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna gerðarmeðferðarinnar

innan 10 daga frá því að þeim berst slík tilkynning. Málsaðilar skulu greiða fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðarinnar til skrifstofu GVÍ sem hefur þá fjármuni í vörslu sinni. Skrifstofu GVÍ skal vera heimilt að nýta þá fjármuni vegna gerðarmeðferðarinnar hvenær sem er meðan á gerðarmeðferð stendur eða eftir að endanleg úrlausn gerðardómsins hefur verið kveðin upp.

- (2) Sóknar- og varnaraðilar skulu greiða fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar í jöfnum hlutföllum, nema aðskilin fyrirframgreiðsla hafi verið ákveðin. Þegar gagnkröfur eða kröfur til skuldajafnaðar eru gerðar af málsaðila er stjórn GVÍ heimilt að ákveða að hver málsaðili skuli greiða fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar sem er í samræmi við heildarkröfugerð hvers málsaðila um sig.
- (3) Sérhver ákvörðun um fjárhæð fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar er háð endurskoðun og stjórn GVÍ getur, ef hún telur það nausðynlegt, eða að kröfu gerðardómsins, fyrirskipað málsaðilum að greiða viðbótarfyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar meðan á gerðarmeðferð stendur.
- (4) Komi til þess að málsaðili greiði ekki sinn hluta fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar skal skrifstofa GVÍ gefa hinum málsaðilanum tækifæri til þess að greiða þann hluta innan þess tímafrests sem skrifstofa GVÍ ákveður. Greiði málsaðili hlut gagnaðila vegna gerðarmeðferðar getur gerðardómurinn, að kröfu þess aðila, kveðið upp sjálfstæða úrlausn um endurgreiðslu fjárhæðar sem greidd var með slíkum hætti.
- (5) Hafi fyrirframgreiðsla vegna gerðarmeðferðar ekki verið greidd að fullu skal stjórn GVÍ vísa málinu frá í heild eða að hluta, með fyrirvara um rétt málsaðila til að gera sömu kröfur síðar í öðru máli. Í kjölfar slíkrar ákvörðunar skal skrifstofa GVÍ tilkynna málsaðilum um að málinu hafi verið vísað frá vegna þess að fyrirframgreiðsla vegna gerðarmeðferðar hafi ekki verið greidd, en að það komi ekki í veg fyrir að málsaðilarnir geti gert sömu kröfur síðar í öðru máli.
- (6) Þegar málsaðilar eru fleiri en tveir getur stjórn GVÍ, þegar kemur að ákvörðun um fyrirframgreiðslu vegna gerðarmeðferðar, ákveðið að líta á tvo eða fleiri aðila sem einn. Skal þá tekið tillit til þess með hvaða hætti gerðardómurinn hefur verið skipaður eða til þess hvernig sambandi milli einstakra málsaðila er háttað.
- (7) Stjórn GVÍ getur samþykkt að taka við bankaábyrgð eða annars konar tryggingu sem hún telur fullnægjandi í stað þess að krefja málsaðila um greiðslu vegna gerðarmeðferðar.
- (8) Eftir að gerðardómurinn hefur tekið til starfa og áður en gerðarmeðferðinni er framhaldið skal gerðardómurinn fá staðfestingu um að fyrirframgreiðsla vegna gerðarmeðferðar hafi verið greidd að fullu til skrifstofu GVÍ og skal gerðarmeðferð ekki framhaldið nema slík staðfesting liggi fyrir.

ÝMIS ÁKVÆÐI

49. grein – Afsal réttinda

Aðili sem veit til þess að brotið hafi verið gegn, eða ekki hafi verið farið eftir, ákvæðum gerðarsamningsins, ákvæðum reglna þessara eða annarra reglna sem um málsmeðferðina gilda, eða fyrirmælum gefnum af gerðardómnum en heldur þó gerðarmeðferðinni áfram án þess að andmæla án ástæðulauss dráttar, skal teljast hafa fallið með óafturkræfum hætti frá rétti sínum til þess að bera slíkt fyrir sig, nema að slíkur aðili geti sýnt fram á að vanræksla þess að bera vitneskjuna fyrir sig hafi verið réttlæt看leg að teknu tillit til kringumstæðna.

50. grein – Trúnaður

- (1) Málsaðilar eru bundnir trúnaði í tengslum við öll atriði er lúta að gerðarmeðferðinni og úrlausn gerðardómsins, nema þeir hafi samið á annan veg. Tekur þessi trúnaðarskylda meðal annars til allra gagna sem lögð hafa verið fram, upplýst hefur verið um og orðið hafa til við framkvæmd gerðarmeðferðarinnar sem ekki eru þegar opinberar upplýsingar. Þessi trúnaðarskylda tekur þó ekki til gagna og upplýsinga sem aðila er skylt samkvæmt lögum að upplýsa um til að gæta eða verja hagsmuni sína í tengslum við málsókn sem hafin er *bona fide* (í góðri trú) til að fá úrlausn gerðardóms vikið til hliðar eða þegar verjast á fullnustu slíkrar úrlausnar fyrir landsdómstólum eða öðrum þar til bærum yfirvöldum sem hafa lögsögu í málinu.
- (2) GVÍ, gerðardómurinn og sérfræðivitni eru bundin trúnaði hvað varðar öll atriði er lúta að gerðarmeðferðinni og úrlausn gerðardómsins, nema málsaðilar hafi samið á annan veg.
- (3) Umræður gerðardómsins skulu bundnar trúnaði.
- (4) GVÍ skal ekki birta úrlausnir gerðardóma, hvort sem er í heild eða hluta, né heldur þannig að nöfnum, persónugreinanlegum upplýsingum og trúnaðarupplýsingum hafi verið eytt út, nema málsaðilar og gerðardómurinn hafi samþykkt það sérstaklega. Þrátt fyrir framangreint er GVÍ, fimm árum eftir að gerðardómurinn kvað upp úrlausn sína, heimilt, án samþykkis málsaðilanna, að birta úrlausn gerðardómsins í heild eða að hluta að því gefnu að öllum nöfnum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum og upplýsingum sem að öðru leyti eru bundnar trúnaði hafi verið eytt út.

51. grein – Almenn regla

Í þeim tilvikum sem ekki er fjallað um einstaka álitaefni í reglum þessum skal háttsemi stjórnar GVÍ, gerðardómsins og málsaðila vera í anda þessara reglna og skulu þessir aðilar beita sér í sérhverju tilliti og eftir fremsta megni til þess að: stuðla að skilvirkri framkvæmd gerðarmeðferðarinnar; tryggja hagkvæmni og kostnaðarhagkvæmni gerðarmeðferðarinnar; forðast óþarfa kostnað og tafir; og tryggja að hægt verði að fullnusta allar úrlausnir gerðardómsins.

52. grein – Takmörkun ábyrgðar

Að svo miklu leyti sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum afsala málsaðilar sér öllum rétti til að gera kröfur, hverju nafni sem þær kunna að nefnast, á hendur gerðarmönnum,

einstaklingum skipuðum af gerðardómnum, stjórn GVÍ og starfsmönnum GVÍ, vegna athafna eða athafnaleysis í tengslum við framkvæmd gerðarmeðferðar sem rekin er samkvæmt reglum þessum. Framangreind takmörkun ábyrgðar á ekki við þegar athöfn eða athafnaleysi framangreindra aðila hefur verið framkvæmd af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

53. grein – Gildandi útgáfa reglna þessara

Þessar reglur eru gefnar út í tveimur útgáfum, á íslensku og á ensku. Ef ósamræmis gætir milli útgáfna reglanna skal enska útgáfan gilda, nema að allir málsaðilar séu íslenskir og skal þá íslenska útgáfan gilda, nema málsaðilar hafi samið á annan veg.

TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI

54. grein – Gildistaka

Þessar reglur taka gildi þann 20. desember 2016.

Þessar reglur skulu gilda um sérhverja gerðarmeðferð sem hafin er eftir að reglur þessar tóku gildi, nema aðilar hafi samið á annan veg.

VIÐAUKI A – STJÓRNSKIPULAG GERÐARDÓMS VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

1. grein – Um Gerðardóm Viðskiptaráðs Íslands

Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands („GVÍ“), sem á ensku ber hliðarheitið Nordic Arbitration Centre er sjálfstæð gerðardómsstofnun sem hefur umsjón með úrlausnum ágreiningsmála. GVÍ heyrir undir Viðskiptaráð Íslands, en er sjálfstæður í starfsemi sinni hvað varðar umsjón með ágreiningsmálum. GVÍ samanstendur af stjórn („stjórn GVÍ“) og skrifstofu („skrifstofa GVÍ“).

2. grein – Hlutverk og tilgangur GVÍ

GVÍ er ekki úrlausnaraðili og leysir ekki úr ágreiningsmálum.

Hlutverk og verkefni GVÍ eru meðal annars:

- (1) umsjón með innlendum og alþjóðlegum ágreiningsmálum sem málsaðilar hafa samið um að lögð skuli í gerð í samræmi við gerðardómsreglur GVÍ og sérhverja aðra þá málsmeðferð sem málsaðilar hafa komið sér saman um;
- (2) skipun gerðarmanna að beiðni málsaðila, þegar um er að ræða málsmeðferð sem ekki á undir gerðardómsreglur GVÍ, þ.m.t. gerðarmeðferð sem rekin er í samræmi við gerðardómsreglur viðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna (UNCITRAL); og
- (3) að standa að og beita sér fyrir kynningu og upplýsingagjöf um málefni sem tengjast gerðarmeðferð og gerðardómsrétti.

GVÍ er eini aðilinn sem er til þess bær að hafa umsjón með gerðarmeðferð sem rekin er í samræmi við gerðardómsreglur GVÍ.

3. grein - Stjórn GVÍ

Stjórn GVÍ samanstendur af formanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum til viðbótar. Stjórnarmenn geta verið hvort heldur sem er íslenskir eða erlendir ríkisborgarar, en þó skal meirihluti stjórnarinnar ávallt samstanda af íslenskum ríkisborgurum.

4. grein – Skipun stjórnar GVÍ

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands skipar formann, varaformann og meðstjórnendur GVÍ til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn geta aðeins verið endurskipaðir einu sinni og geta því lengst átt sæti í stjórn GVÍ í sex ár samfelld. Þó er heimilt við sérstakar aðstæður að stjórnarmaður sitji lengur en sex ár í stjórn GVÍ. Sérstakar aðstæður geta t.d. komið upp ef meirihluti stjórnar GVÍ klárar skipunartíma sinn á sama tíma.

Formaður og varaformaður stjórnar GVÍ skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og gerð eru til héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Einn meðstjórnenda

skal vera starfandi lögmaður. Þá skal stjórn Viðskiptaráðs Íslands við skipun stjórnar GVÍ leitast við að varðveita og viðhalda góðum tengslum við aðildarfélög Viðskiptaráðs Íslands og viðskiptalífið almennt.

5. grein – Brotthvarf eða brottvikning aðila úr stjórn GVÍ

Í sérstökum undantekningartilvikum getur stjórn Viðskiptaráðs Íslands vikið stjórnarmanni úr stjórn GVÍ. Á þetta t.a.m. við ef að sú aðstaða kemur upp að formaður eða varaformaður stjórnar GVÍ uppfylla ekki lengur hæfisskilyrði þau sem tilgreind eru í 2. mgr. 4. gr. að framan. Komi til brottvikningar er stjórn Viðskiptaráðs Íslands skylt að rökstyðja slíka ákvörðun.

Komi til þess að stjórnarmaður í stjórn GVÍ segi stöðu sinni lausri, eða er vikið úr stjórninni, meðan á skipunartíma stendur, skal stjórn Viðskiptaráðs Íslands skipa nýjan stjórnarmann til þess að taka hans sæti, það sem eftir lifir skipunartímans.

6. grein – Verkefni stjórnar GVÍ

Verkefni stjórnar GVÍ er að taka allar þær ákvarðanir sem krafist er af GVÍ samkvæmt gerðardómsreglum GVÍ og í samræmi við aðrar þær reglur eða verklag sem málsaðilar koma sér saman um. Slíkar ákvarðanir eru meðal annars *prima facie*-athugun (athugun til bráðabirgða) um lögsögu, ákvarðanir um fyrirframgreiðslu, skipun gerðarmanna, ákvarðanir um vefengingu hæfis gerðarmanna, brottvikningu gerðarmanna og ákvarðanir um kostnað við gerðarmeðferð.

7. grein – Ákvarðanir stjórnar GVÍ

Stjórn GVÍ er ákvörðunarbær þegar þrír stjórnarmenn sækja fund. Ef ekki næst meirihluti skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Formaður stjórnar GVÍ, eða í hans fjarveru varaformaður, eða að beiðni formanns, skal hafa vald til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd stjórnar GVÍ þegar um áriðandi málefni er að ræða. Gera skal grein fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru með slíkum hætti á næsta fundi stjórnar GVÍ.

Stjórn GVÍ er heimilt að fela skrifstofu GVÍ að taka einstaka ákvarðanir, þ.m.t. ákvarðanir um fyrirframgreiðslu kostnaðar, framlengingu tímafrests fyrir gerðardóm til að kveða upp úrlausn sína, frávisun máls vegna vangreiðslu skráningargjalds, brottvikningu gerðarmanna og ákvarðanir um kostnað við gerðarmeðferð.

Ákvarðanir stjórnar GVÍ eru endanlegar og bindandi fyrir aðila og sæta ekki endurskoðun Viðskiptaráðs Íslands.

8. grein – Skrifstofa GVÍ

Stjórn GVÍ ræður framkvæmdastjóra GVÍ sem stýrir daglegum rekstri skrifstofu GVÍ. Skrifstofa GVÍ sinnir þeim verkefnum sem henni eru falin í gerðardómsreglum GVÍ. Skrifstofa GVÍ getur einnig tekið ákvarðanir sem stjórn GVÍ felur henni að taka.

9. grein – Starfshættir GVÍ

GVÍ skal viðhalda trúnaði um gerðarmeðferð og úrlausnir gerðardóma og skal nálgast og meðhöndla sérhverja gerðarmeðferð á hlutlausan, hagnýtan, fljótvirkan og hagkvæman hátt.

Samþykkt af stjórn Viðskiptaráðs Íslands 19. desember 2016.

VIÐAUKI B – GJALDSKRÁ

Kostnaður við gerðarmeðferð

1. grein – Skráningargjald

- (1) Skráningargjald sem vísað er til í 3. gr. gerðardómsreglna GVÍ er 1.000 evrur („EUR“), eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum („ISK“) samkvæmt skráðu gengi Seðlabanka Íslands við upphaf gerðarmeðferðar.
- (2) Skráningargjaldið er óendurkræft og telst hluti af umsjónargjaldi því sem vísað er til í 3. grein hér að neðan. Skráningargjaldið gengur upp í fyrirframgreiðslu sem sóknaraðila er gert að greiða í samræmi við 48. gr. gerðardómsreglna GVÍ.

2. grein – Þóknun gerðarmanna

- (1) Stjórn GVÍ skal í samræmi við það sem fram kemur í töflunni að neðan ákvarða fjárhæð þóknunar formanns gerðardóms, eða staks gerðarmanns ef um einn gerðarmann er að ræða, á grundvelli þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem ágreiningur lýtur að.
- (2) Aðrir gerðarmenn en formaður gerðardómsins skulu hver um sig fá 60% af þóknun formanns gerðardómsins. Að höfðu samráði við gerðardóminn getur stjórn GVÍ ákveðið að annað hlutfall skuli gilda.
- (3) Við ákvörðun um hverjir séu þeir fjárhagslegu hagsmunir sem ágreiningur lýtur að skal tekið tillit til heildarfjárhæðar allra krafna, gagnkrafna og krafna um skuldajöfnuð. Ef ekki er hægt að ákvarða hverjir séu þeir fjárhagslegu hagsmunir sem ágreiningur lýtur að skal stjórn GVÍ ákveða þóknun gerðarmanna að teknu tilliti til allra aðstæðna.
- (4) Í sérstökum undantekningartilvikum er stjórn GVÍ heimilt að víkja frá þeim fjárhæðum sem fram koma í töflunni að neðan.

3. grein – Umsjónargjald

- (1) Umsjónargjald GVÍ skal ákvarðað í samræmi við töfluna að neðan.
- (2) Við ákvörðun um hverjir séu þeir fjárhagslegu hagsmunir sem ágreiningur lýtur að skal tekið tillit til heildarfjárhæðar allra krafna, gagnkrafna og krafna um skuldajöfnuð. Ef ekki er hægt að ákvarða hverjir séu þeir fjárhagslegu hagsmunir sem ágreiningur lýtur að skal stjórn GVÍ ákveða þóknun gerðarmanna að teknu tilliti til allra aðstæðna.
- (3) Í sérstökum undantekningartilvikum er stjórn GVÍ heimilt að víkja frá þeim fjárhæðum sem fram koma í töflunni að neðan.

4. grein – Útlagður kostnaður

Til viðbótar við þóknun gerðarmanna og umsjónargjald GVÍ, skal stjórn GVÍ ákvarða fjárhæð sem nægir til þess að endurgreiða allan eðlilegan útlagðan kostnað

gerðarmanna og GVÍ. Útlagður kostnaður gerðarmanna getur t.a.m. verið ferða-
 kostnaður og þóknun til sérfræðinga sem gerðardómurinn kann að hafa skipað í
 samræmi við 34. gr. gerðardómsreglna GVÍ.

Tafla 1 - Þóknun gerðarmanna

Ágreiningsfjárhæð	Þóknun formanns gerðardóms eða staks gerðarmanns ef gerðardómur er skipaður einum gerðarmanni	
(EUR)	Lágmark (EUR)	Hámark (EUR)
Upp að 30,000	1,000	3,000
frá 30,001 til 150,000	2,000+1,5% af upphæð hærri en 30,000	5,000+8,0% af upphæð hærri en 30,000
frá 150,001 til 500,000	3,000+0,8% af upphæð hærri en 150,000	12,000+3,0% af upphæð hærri en 150,000
frá 500,001 til 3,000,000	9,000+0,5% af upphæð hærri en 500,000	36,000+1,0% af upphæð hærri en 500,000
frá 3,000,001 til 10,000,000	16,000+0,1% af upphæð hærri en 3,000,000	64,000+0,5% af upphæð hærri en 3,000,000
frá 10,000,001 til 25,000,000	20,000+0,07% af upphæð hærri en 10,000,000	80,000+0,25% af upphæð hærri en 10,000,000
frá 25,000,001 til 50,000,000	26,000+0,03% af upphæð hærri en 25,000,000	104,000+0,15% af upphæð hærri en 25,000,000
frá 50,000,001 til 100,000,000	40,000+0,005% af upphæð hærri en 50,000,000	160,000+0,07% af upphæð hærri en 50,000,000
frá 100,000,001	Ákvarðað af stjórn GVÍ	Ákvarðað af stjórn GVÍ

Tafla 2 - Umsjónargjald GVÍ

Ágreiningsfjárhæð (EUR)	Umsjónargjald (EUR)
að 30,000	1,000
frá 30,001 til 150,000	1,500 + 1,5% af upphæð hærri en 30,000
frá 150,001 til 500,000	3.300 + 1% af upphæð hærri en 150,000
frá 500,001 til 3,000,000	6.800 + 0,5% af upphæð hærri en 500,000
frá 3,000,001 til 10,000,000	19.300 + 0,10% af upphæð hærri en 3,000,000
frá 10,000,001 til 25,000,000	26.300 + 0,02% af upphæð hærri en 10,000,000
frá 25,000,001 til 50,000,000	29.300 + 0,01% af upphæð hærri en 25,000,000
frá 50,000,001 til 100,000,000	31.800 + 0,009% af upphæð hærri en 50,000,000
Frá 100,000,001	36.300 + 0,005% af upphæð hærri en 100,000,000
Hámark	50.000

VIÐAUKI C – UMSJÓNARGJALD GVÍ

Innifalin og undanþegin þjónusta

1. grein – Innifalin þjónusta

- (1) Eftirfarandi þjónusta og athafnir eru innifaldar í umsjónargjaldi GVÍ.
 - a. Umsjón og stjórnun málsmeðferðar í samræmi við þessar reglur.
 - b. Móttaka og sending skriflegra samskipta og gagna sem lögð hafa verið fram af málsaðilumum og eftir atvikum gerðardómnum.
 - c. Eftirlit með því að beiðni um gerðarmeðferð, svar við beiðni um gerðarmeðferð, greinargerðir sóknaraðila og greinargerðir varnaraðila, bæði í aðal- og gagnsök, uppfylli formskilyrði reglna þessara.
 - d. Boðun til fyrirtöku og munnlegs flutnings og í húsakynnum GVÍ.
 - e. Viðvera starfsfólks GVÍ við fyrirtökur og munnlegan flutning gerðarmála og ritun fundargerða við slík tilefni.

2. grein – Undanþegin þjónusta

- (1) Eftirfarandi þjónusta og athafnir eru undanskildar umsjónargjaldi GVÍ og greiða skal fyrir þær sérstaklega ef málsaðilar óska eftir því að GVÍ sinni þjónustunni.
 - a. Ljósritun og fjölföldun skriflegra samskipta og framlagðra gagna ef framlögð skjöl af hálfu málsaðila eru ekki í nægilega mörgum eintökum, þ.á m. ljósritun gagna af hálfu skrifstofu GVÍ fyrir sérfræðivitni fyrir gerðardómnum.
 - b. Stimplun skriflegra samskipta eða framlagðra gagna þegar þörf er á.
 - c. Þjónusta við að taka upp fyrirtökur eða munnlegan flutning og gerð endurrita slíkra upptaka.
 - d. Túlkunarþjónusta.
 - e. Þjónusta í tengslum við framkvæmd fjarskiptafunda (s.s. myndbandsfunda eða þar sem önnur sambærileg tækni er notuð).
 - f. Ferðakostnaður fyrir starfsfólk skrifstofu GVÍ sem þarf að vera viðstatt fyrirtökur eða munnlega meðferð máls þegar slíkt fer fram utan húsakynna GVÍ.
 - g. Aðstoð við að bókun húsakynna þar sem hægt er að halda fyrirtökur eða munnleg meðferð málsins getur farið fram svo fremi sem slíkt sé utan húsakynna GVÍ.
 - h. Ljósritun og fjölföldun skriflegra samskipta og framlagðra gagna þegar um er að ræða samantekt og söfnun málskjala.